

Orðastríðið

Minningabrot Helga Ágústssonar

Reykjavík & London 1973-1976



There you are maam, fresh from inside the 50 mile limit

Kynningarþáttur útfærslu efnahagslögsögu
Íslands í 50 & 200 sjómílu

Utanríkisráðuneytið

© Helgi Ágústsson

Desember 2016

ISBN 978-9935-9149-3-4

Efnisyfirlit

Formáli	4
Upplifun mín	5
Orðastríðið.....	15
Hornsteinn lagður	15
50 mílur.....	16
200 mílur.....	30

Formáli

Minningabrot Helga Ágústssonar, sendiherra, frá deilum Íslendinga og Breta vegna útfærslu íslenskrar landhelgi gefa skemmtilega og fróðlega innsýn í störf útsendra diplómata við flókin og viðkvæm úrlausnarefni. Þar reynir iðulega á góða þekkingu, snögga hugsun og útsjónarsemi. En ekki síst á þá færni í mannlegum samskiptum að byggja upp tengslanet og vináttusamband við fólk sem skiptir máli og getur orðið okkur að liði.

Þótt stjórnarerindrekar komi sjaldnast fram í fjölmiðlum sjálfir þá þurfa þeir að þekkja innviði þeirra og starfshætti og geta komið boðskap þar á framfæri með skömmum fyrirvara. Helgi lýsir hér með fróðlegum hætti samskiptum við hefðbundna breska fréttamiðla á liðinni öld. Í dag þurfa diplómatar að vera jafnvígir á þau samskipti sem og hina nútímalegu miðla þar sem allur almenningur er virkur þátttakandi.

En lýsingar Helga af sögulegum viðburðum frá þessum árum eru ekki aðeins góð viðbót við sögu þorskastríðsáranna; þær gefa innsýn í það hlutverk sem útsendir diplómatar og fjölskyldur þeirra sinna. Hvernig heimili þeirra er jafnframt vinnustaður og fjölskyldan þátttakendur í starfinu. Hvernig allur sólarhringurinn er bakvakt þegar brýn viðfangsefni bera að höndum.

“Orðastríðið”, sem Helgi kallar kynningarþátt útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 og 200 mílur var snar þáttur í baráttu okkar og sigri í mikilvægustu lífshagsmunabaráttu Íslands á síðastliðinni öld. Utanríkisþjónustunni er ætlað að standa vörð um stjórn mála-, viðskipta- og menningarlega hagsmuni okkar. Í síbreytilegum heimi þurfum við að skilgreina og standa vörð um þessa hagsmuni. Þar er öflug utanríkisþjónusta lykill að góðum árangri.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir,
utanríkisráðherra

Upplifun mín

Ég settist við tölvu þann 24. júní 2004 til þess að færa í letur minningabrot frá liðnum árum. Tilgangurinn var ekki að skrifa ævisögu, heldur að gefa börnum okkar hjóna, barnabörnum og afkomendum nokkra innsýn í líf okkar og viðhorf, skýra frá samferðarfólki okkar og ástvinum og ýmsu af því sem við kynntumst. Í umfjöllun minni um kynningarþátt útfærslu efnahagslögsögu Íslands í 50 og 200 sjómílu hef ég kosið að lýsa fyrst upplifun minni sem starfsmanns utanríkisþjónustunnar og fjalla síðan með almennari hætti um viðfangsefnið.

Við Íslendingar minnumst þess í ár að liðin eru 40 ár frá lokum fiskveiðideilu okkar við Breta. Upphafsorð annars erindis ljóðs Jóns Magnússonar, (1896 – 1944), Lífsgjafinn þjáðra þjóða, er lýsandi um lífstilveru Íslendinga í aldanna rás:

Föðurland okkar hálf er hafið
helgað þúsund feðra dáð,
Þangað þjóðin lífsbjörg sótti,
þar mun verða stríðið háð.

Barátta okkar fyrir yfirráðum auðlinda í hafinu við Ísland var löng og ströng. Þáttur Landhelgisgæslu Íslands í baráttunni fyrir útfærslum okkar á fiskveiðilögsögunni er flestum að góðu kunnur. Meðal hlutverka hennar í dag er að gæta hvorki meira né minna en 758 þúsund ferkílómetra hafsvæðis.

Margt og mikið hefur verið ritað um baráttu okkar á alþjóðavettvangi og á hafinu. Einn þáttur þessarar baráttu var kynning á málstað okkar á útfærslu lögsögunnar í 50 og 200 mílu. Kynningu okkar hef ég kosið að nefna orðastríðið. Það var háð víða og af mörgum og var snar þáttur í sigrum okkar fyrir viðurkenningu alþjóðasamfélagsins fyrir réttindum strandríkja.

Það er ógerlegt að gera þessum þætti tæmandi skil, en sem einn þátttakenda í orðastríðinu, vil ég varpa ljósi á þennan mikilvæga þátt baráttunnar þótt langt sé um liðið og margt gleymt með því að tína ýmislegt saman og færa eftirfarandi í letur. Góð samvinna fjölmargra aðila var grundvöllur árangurs í orðastríðinu, ekki síst við landhelgisgæsluna. Upplýsingar sem komu frá henni voru vandaðar og réttar og bárust stjórnvöldum svo fljótt sem unnt var. Samstarf utanríkisþjónustunnar við yfirmenn hennar var afar gott, s.s. við forstjóra hennar Pétur Sigurðsson og lögfræðing hennar og blaðafulltrúa, síðar forstjóra, Hafstein Hafsteinsson.

Ég gegndi störfum upplýsinga- og menningarfulltrúa utanríkisráðuneytisins í upphafi 50 mílna útfærslunnar og hóf síðan störf við sendiráðið í London stuttu eftir að Niels P. Sigurðsson sendiherra var kallaður heim í mótmeðlaskyni við aðgerðir Breta á miðunum.

Það var jafnframt hlutverk mitt að vinna að kynningarmálum í 200 mílna deilunni.

Ég þakka Sigurði Þ. Baldvinssyni yfirskjalaverði utanríkisráðuneytisins, Þurý Björk Björgvinsdóttur sérfræðingi í utanríkisráðuneytinu, Bjarna Sigtryggssyni sendiráðunauti, Harald Aspelund sendiherra veitta aðstoð. Þá vil ég líka þakka Ágústi Þórðarsyni rekstrarhagfræðingi fyrir margvíslega ráðgjöf og yfirlestur handrits.

Hér birtast nokkrir kaflar þessara skrifa er lúta að aðdraganda og veru okkar í London á árunum 1973 – 1977:

Útfærsla landhelginnar í 50 mílur var að sjálfsögðu langstærsta mál þessa tímabils. Ég fór ekki varhluta af því vegna starfs míns í ráðuneytinu. Fjöldi erlendra blaðamanna lagði leið sína til Íslands, einkum þó breskir og það kom í minn hlut að greiða götu þeirra um viðtöl við ráðherra og ýmsa ráðamenn, auk þess sem ég að sjálfsögðu upplýsti þá um hvaðeina sem að þessu máli laut. Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur ráðuneytisins varð á þessum tíma eðlilega náinn samstarfsmaður.

Sérstakur kynningarfulltrúi var ráðinn í Bretlandi, Mr. Donald Hunt, sem hafði aðstoðarkonu sér við hlið sem hét Elizabeth. Þau giftust síðar og urðu góðir vinir okkar í Bretlandi. Donald var fyrrum flughermaður og afar breskur í útliti, hafði m.a. tilkomumikið yfirskegg. Hann lagði til að ráðuneytið byði 10 völdum fjölmiðlamönnum til Íslandsferðar þar sem þeim yrði kynntur málstaður Íslands með því að fara með þá um landið, kynnast af eigin raun aðstæðum og ræða við sem flesta aðila í sjávarútvegi, ráðherra og þingmenn. Ég fékk það verkefni að vera umsjónarmaður þessa hóps ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni. Við fórum með þennan hóp fljúgandi til allra landshluta og inn og út úr fiskvinnslustöðvum með tilheyrandi viðtölum við staðarfolk. Ferð þessi reyndist okkur afar gagnleg, því í hópi þessum voru lykilaðilar helstu fjölmiðla Bretlands. Þessi ferð opnaði mér mun betri aðgang síðar í London en ella hefði verið að þessum ágætu blaða- og sjónvarpsmönnum. Meðal þessara aðila má nefna Norman Kirkham frá Daily Telegraph, Larry Harris frá BBC sjónvarpinu, David Spanier, Diplomatic Correspondent The Times o.fl.

Það er gaman að segja frá því, að í flugvélinni á leið til Norðfjarðar sátu blaðamennirnir að tafla. Ég fylgdist bara með, en þar kom að þeir fengu þá hugmynd að gera út um 50 mílna deiluna með því að tefla um hana. Ég tók þeirri áskorun og þeir völdu David Spanier sem síðar varð skákskýrandi The Times. Tefldar voru tíu skákir. Ég tapaði þeirri fyrstu, önnur varð jafntefli og síðan vann ég restina. Þetta spurdist út í blaðahéiminum og ég tefldi síðar við Tom Arms hjá Thompson Newspapers um 200 mílurnar, einn leik á dag í gegnum síma. Breska ljónið tapaði líka þeirri viðureign.


Bretar og Þjóðverjar höfðu mestra hagsmuna að gæta, en einungis Bretar sendu freigátur sínar til að vernda togara við veiðar. Eftir að tilraunir til samninga fóru út um þúfur ákvað íslenska ríkisstjórnin að kalla Niels P. Sigurðsson sendiherra heim til viðræðna eins og það var kallað, en var að sjálfsögðu diplómátísk mótmæli við þessum aðgerðum bresku ríkisstjórnarinnar.

Pétur Thorsteinsson ráðuneytisstjóri kallaði mig til viðtals og tilkynnti mér að ég ætti að flytjast sem allra fyrst til London. Ég gladdist mjög við þessa tilkynningu. Heba tók þessu afar vel og straumhvörf blöstu við okkur. Ég fór nokkrum dögum síðar til London til að leita að húsnæði sem tók ekki langan tíma. Þremur vikum síðar vorum við flutt inn á 22 Makepeace Avenue á Holly Lodge svæðinu í Highgate.

*„Foreign Policy would be O.K.
except for the bloody foreigners“*

Lord Herbert Morrison

Heiti götunnar var millinafn rithöfundarins William Makepeace Thackeray, (1811 – 1863) og svo fór að 50 mílna deilan var leidd til friðsamlegra lykta í nóvember 1973. 22 Makepeace Avenue var svokallað „semi-detached“ hús, þ.e. sambyggð spegilmynd af okkar húsi. Húsið var orðið gamalt og heldur lúíð, byggt 1924 og eigandi þess var gyðingur að nafni Hoffman. Staðsetning hússins var hinsvegar mjög góð á afgirtu hæðarsvæði sem nefndist Holly Lodge Estate. Úr gluggum efri hæðarinnar var útsýn suður til Crystal Palace og við hlíðarfótinn voru ýmsar þjónustuverslanir við götuna Swain's Lane. Við byrjuðum á að kynna okkur fyrir nágrönnum okkar sem voru eldri hjón, George og Pamela Benson, bæði þekktir leikarar af sviði og a.m.k. George úr kvikmyndum. Í sambyggingunni bjó Jenny, ekkja með þrjú börn og varð ég guðfaðir þess yngsta er skírður var Jeromy. Þegar við gátum ekki fundið út hvernig ætti að fá heitt vatn úr krana, leituðum við til George og Pamelu um aðstoð. George sagði nauðsynlegt að kalla til mann til að opna fyrir gasið sem hitaði vatnið og bauð okkur að hafa afnot af baði hjá þeim hjónum. Skömmu síðar knúði hann dyra hjá okkur með bakka með postulínsbollum og góðgæti sem hann bauð okkur að njóta. Næsta kvöld bauð Jenny okkur í partí þar sem kátt var á hjalla, dansað og drukkíð að vild þar til hún gekk á milli gesta og þegar hún spurði mig hvort ég vildi mjólk í kaffið svaraði ég því til að ég væri með vodka í glasinu og vildi ekki kaffi. Sessunautur minn fræddi mig þá á því, að það væri til síðs að bjóða kaffi til að gefa til kynna að partíinu væri að ljúka. Sinn er síður í hverju landi, en það þýddi skiljanlega ekkert að reyna þetta síðar við ýmsa íslenska gesti sem bar að garði hjá okkur.



Jónas og Guðmundur (9 og 8 ára) byrjuðu strax á öðrum degi í Brookfield skólanum við Swain's Lane og að sjálf sögðu mállausir á enska tungu. Það átti fljótt eftir að breytast því þeir lögðu sig fram í ástundun við námið og fljótlega urðu þeir engir eftirbátar vina sinna í skólanum, þeim mörgum reyndar fremri því það kenndi margra grasa, s.s. cockney málýsku sem okkur var mjög framandi til að byrja með. Pípulagningarmaðurinn okkar var nær óskiljanlegur í fyrstu svo dæmi sé nefnt þótt það ætti eftir að breytast þegar á leið. Vinátta við skóladrengina var ekki sjálfgefin í fyrstu. Jónas þurfti að slást bæði vegna landhelgismálsins og því að hann hélt ekki með svæðisfélaginu Arsenal í fótbolta og

Guðmundur kom heim með rifin fót og rispur einn daginn eftir slagsmál þar sem hann hafði varið hagsmuni Íslands í landhelgismálinu. Guðmundur skrifaði textann *Iceland 200 miles* á allar sínar skólabækur. Helgi Gunnar, (tæplega 2ja ára), fékk vist í Nursery við Brookfield skólann.

Sendiráðsskrifstofan var til húsa að 1 Eaton Terrace í Belgravia hverfinu þar sem nær öll sendiráðin höfðu skrifstofur. Húsið var 3 hæðir auk kjallara og risibúðar bílstjóra sendiráðsins sem var þannig jafnframt húsvörður. Allt innbú sendiráðsins var gamalt og slitíð og hafði ég heimild Hannesar Hafstein, sem fór með fjármál utanríkisþjónustunnar í ráðuneytinu, til að endurnýja það nauðsynlegasta, s.s. teppi og gardínur. Yfirstjórn sendiráðsins var í höndum Eiríks Benedikz sendifulltrúa sem starfað hafði í sendiráðinu frá því í stríðinu. Annar starfsmaður frá þeim tíma og eldri en Eiríkur í starfi var Brynhildur Sörensen sem var ábyrg fyrir bókhaldi og greiðslu reikninga auk skjalavörslu. Enskur ritari var Janet Allen og útsendur íslenskur ritari Vilborg Hauksdóttir. Góður starfsandi var í sendiráðinu og hófst vinnudagur venjulega með tedrykkju að enskum hætti sem velskur bílstjóri sendiráðsins Oliver sá um að hita í litlu afdrepi sínu bakatil í húsinu. Skrifstofa mín var á jarðhæð innan við afgreiðsluna þar sem Eiríkur hélt sig mikið þótt hann hefði sína góðu skrifstofu á þriðju hæð hússins. Hann var skemmtilegur félagi.

Faðir hans sem haft hafði skóþúð á Laugavegi 7 hafði lagt á hann sem ungan mann að læra tvær vísur á hverjum degi sem Guð gaf, þannig að hann var hafsjór af kveðskap og þekkingu á bókmenntum. Hafði reyndar unnið í breska sendiráðinu hluta af stríðsárunum og kennt við Leeds-háskólann. Í önn dagsins var það tilhlökkunarefni að fara út á pöbb skáhallt hinum megin við götuna sem nefndist Antilópan þar sem hann hafði drukkið með Söru Churchill og W.H. Auden svo einhverjir séu nefndir af frægu fólki sem hélt sig þar. Tveir aðrir pöbbar voru nálægir okkur til tilbreytingar eins og Wellington neðar við Eaton Terrace og handan við hornið var einnig góður matstaður og pöbb sem við heimsóttum oftast í hádeginu.

Umdæmislönd sendiráðsins voru Nígíería, Holland, Írland, Spánn og Portúgal. Íslendingar voru að hefja sólarlandaferðir á þessum árum og var Spánn, Mallorca og fleiri staðir orðnir afar vinsælir. Gjaldeyrir var takmarkaður til ferðamanna og kreditkort ekki enn komin til sögunnar. Það bar því ekki ósjaldan við að fólk varð uppiskroppa með peninga og var þá leitað til ræðismanna og þar með oft til sendiráðsins um útvegum peninga. Jafnframt var fólk óvant að ferðast og ódýrara áfengi og bjór sem var óheimilt að selja á Íslandi heillaði marga til ofneyslu og tilheyrandi vandamála. Var mikil ánaud af þessu hjá sumum ræðismönnum og sendiráðinu.



Skreiðarsalan til Nígíeríu var verðmætur útflutningur og skuldaskil ekki alltaf sem skyldi. Þessi mál voru aðallega á hendi Niels P. Sigurðssonar og Stefáns Gunnlaugssonar í viðskiptaráðuneytinu. Eftirtektarvert var hversu mikinn áhuga Hollendingar höfðu á landhelgismálinu og mögulegri gróðurhúsarækt á Íslandi. Þegar ég var sendur um 5–6 mánaða skeið til Genfar á tímabilinu milli þorskastríðanna til að sitja fundi Öryggisráðstefnu Evrópu kynntist ég hollensku utanríkisþjónustunni enn frekar og hef borið mikla virðingu fyrir skilvirkni hennar og vönduðum vinnubrögðum. Hollenski sendiherrann á ráðstefnunni hét Huydekooper og hélt ég í fyrstu að hann væri breski sendiherrann vegna þess hversu góða ensku hann talaði. Kynni okkar urðu nánari í ráðuneytisstjóratíð minni er hann var sendiherra Hollendinga á Íslandi með aðsetri í London þar sem ég átti einnig samskipti við hann er ég var sendiherra þar. Þar var á ferðinni framúrskarandi maður eins og sendiherrar gerast bestir.

Við tókum strax upp samband við Donald Hunt og Elizabeth og vinnudagurinn snerist strax um fiskveiðideiluna og að sjálf sögðu fjölmörg almenn afgreiðslumál sendiráðsins. Fréttir af miðunum voru nær daglegir viðburðir og samband mitt við blaðamennina treystist fljótlega mjög vel. Það er ekki úr vegi að lýsa þeirri skoðun að þeir voru allir svo hæfir að maður gat freistast til að álíta að þeir væru rjóminn af breskri stétt menntamanna, vel menntaðir og áreiðanlegir. Sumir þeirra voru frá lykilskólunum s.s. Eaton, Harrow, Oxford og Cambridge.

Niels P. Sigurðsson sendiherra kom utan er lausn fékkst í 50 mílna deilunni. Ólafía kona hans eða Lóa eins og hún var kölluð, hafði orðið eftir í sendiherrabústaðnum og áttum við hin bestu samskipti við þau hjón. Niels var góður yfirmaður, margreyndur í starfi og hafði þá m.a. verið sendiherra Íslands hjá NATO. Þegar erfiðleikar okkar við Breta jukust vegna 200 mílna útfærslu fiskveiðilögsögunnar var hann enn á ný kallaður heim og sneri ekki aftur. Síðan rak að því að við slitum stjórnmálasambandi við Breta í febrúar 1976.



Eiríkur og ég vorum útnefndir ræðismenn og störfuðum áfram í sendiráðinu, en nú undir norskum formerkjum. Við svörum í símann að við værum norska sendiráðið, Icelandic Interests Section. Bréfsefni og stimplar voru með sama hætti. Vinna mín snerist nú á hverjum degi um fiskveiðideiluna og símtöl og viðtöl við fréttamenn urðu fjölmörg á hverjum degi. Eftir að stjórnmalasambandinu var slitið þurfti atbeina norska sendiherrans til að afhenda orðsendingar í Foreign Office.

Á myndinni má sjá f.v. Símon Pálsson, Helga Ágústson og Stein Lárusson fagna sigri í 50 mílna deilunni.

Í þeim tilgangi að koma sem fyrst fréttum af átökum á miðunum og viðbrögðum okkar við þeim hafði ég fengið umboð til að semja orðsendingarnar og afhenda án þess að þær væru bornar undir ráðuneytið sem að sjálfsgöðu voru ekki venjulegar starfsreglur. Ef svo hefði verið gert var samskiptamátinn aðeins um telex sem hefði tekið mun lengri tíma og reyndar einnig mögulegt fyrir Breta að komast að textanum. Upplýsingar til mín komu beint til mín frá stjórnstöð Landhelgisgæslunnar án milligöngu ráðuneytanna. Þetta sparadi tíma og gerði gæfumuninn. Símar okkar voru greinilega hleraðir auk þess sem fara þurfti um miðstöð til að fá línu til Íslands. Nokkuð oft kom fyrir að afgreiðslumenn símans neituðu að tengja okkur og var þá þrautalendingin að hringja aftur og biðja um supervisor sem var ætíð hinn kurteisasti og gaf okkur samband. Þessi heimild til að skrifa orðsendingarnar án atbeina ráðuneytisins leiddi til þess að strax eftir að orðsending hafði verið afhent gat ég hringt í fjölmiðla til að skýra frá því hvað hefði gerst og hver viðbrögð okkar hefðu verið. Við vorum því ævinlega fyrstir með fréttir og langt á undan Bretum að skýra frá hvað gerst hefði og hvernig. Mér þótti vænt um að ráðherrar og stjórnmalamenn notuðu oft sömu orð og ég hafði notað og vakti það með mér sjálftraust. Reyndar bar það einu sinni við í tíð Péturs Thorsteinssonar ráðuneytisstjóra, að hann bað mig um að gæta mín í orðavali, því hér væri vandratað og um pólitík að ræða sem við embættismenn yrðum að fjalla gætilega um.

Það bar eitt sinn við að norski sendiherrann við yfirlestur á orðsendingu sem afhenda þurfti, kvað upp úr með að þessa orðsendingu gæti hann ekki afhent. Orðalag hennar væri of sterkt og við þyrftum að hafa samband við Reykjavík. Ég svaraði honum að ég hefði skrifað þessa orðsendingu og hefði til þess umboð. Við gætum því breytt orðalagi hennar að vild. Hann endurtók þá að við þyrftum að hafa samband við Reykjavík til þess og trúði greinilega ekki að svona væri í pottinn búid. Ég útskýrði ástæður fyrir þessum breyttu starfsvenjum og við breyttum síðan orðalagi nóttunnar. Fridthjof Jacobsen var einn af eldri og reyndari sendiherrum Norðmanna og hafði skiljanlega aldrei kynnst slíku fyrr. 200 mílna deilan var kvöld eftir kvöld fyrsta frétt í útvarpi og sjónvarpi og það að vera á undan með fréttir og viðbrögð skipti geysilega miklu máli í því áróðursstríði sem þessi deila vissulega var. Eitt sinn mældi ég 17 mínútna umfjöllun í BBC-sjónvarpinu áður en aðrar fréttir komust að. Þegar bresku fréttamennirnir og þá sérstaklega sjónvarpsmennirnir eins og Larry Harris hjá BBC eða Norman Rees hjá ITV fengu að vera um borð í íslensku varðskipunum breyttist fréttáflutningurinn enn frekar okkur í hag. Eitt myndskeld Larry Harris af freigátu sem siglir að búi íslensks varðskips var sýnt aftur og aftur og sýndi vel að freigátan sigldi á varðskipið.

Það er af stjórnmalaslitunum að segja að okkur Eiríki var falið að semja drög að orðsendingu sem við sendum síðan utanríkisráðuneytinu. Mér var falið að afhenda þessa

orðsendingu og er ég ásamt norska sendiherranum gekk inn viðhafnarmikinn gang í Foreign Office í fylgd David, fulltrúans sem fór með málefni Íslands, sagði hann ábúðarfullur við mig; „Helgi, What are you doing to us“? Ég man ekki hverju ég svaraði, en þegar komið var inn til yfirmannsins, skýrði ég frá erindi mínu og fór orðum um þá von ríkisstjórnar Íslands að leysa mætti fljótlega þessa deilu gamalla vinaþjóða með vinsamlegum hætti. Norski sendiherrann staðfesti síðan að norska sendiráðið myndi fara með málefni Íslands gagnvart Bretlandi og ég halda áfram störfum sem norskur diplómat. Breski yfirmaðurinn tjáði sig með svipuðum hætti og ég um langa sögu vináttu og samskipti landanna. Að loknu máli hans varð þögn sem norski sendiherrann hefði ef til vill átt að rjúfa með því að kveðja, en yfirmaðurinn rauf þögnina með því að spyrja David hvers vegna breski fáninn, sem blasti við í bakgarði ráðuneytisins væri við hún. David kvaðst þykja leitt að vita það ekki: „Sorry Sir, I don't know“. En ég svaraði að bragði að á íslenska sendiráðinu, sem var ekki lengur til, væri flaggað því það væri afmælisdagur Andrésar prins. Þetta var sjálfsagt svolítið þínlegt fyrir Bretana, en svo kvöddum við kurteislega og David fylgdi okkur að útidrymum Foreign Office. Nýr kafli og óvissutímar blöstu við.

Það var hlutverk mitt að halda ótal ræður á fundum og koma fram í útvarpi og sjónvarpi. Undirbúningur minn var mikilvægur því framsetning mín og áhrif á gang umræðunnar skipti miklu máli. Ég lagði mig því sem fyrr eftir að kunna sem mest um sögu útfærslu annarra ríkja og þróun alþjóðaréttar auk þess sem miklu máli skipti að þekkja skoðanir fiskifræðinga, umfjöllun í fiskveiðinefndum, aflatölur, hrygningarsvæði, veiðisvæði, möskvastærðir o.s.frv. Öll þekking var því sem vopn í orðastríðinu.

Mér eru tveir atburðir sérstaklega minnisstæðir. Annar er útvarpsþáttur í Radio London sem stóð í heila tvo tíma þar sem meðal viðmælenda minna var ritstjóri Fishing News. Mér þótti ég fara með sigur af hólmi. Fannst það reyndar stórsigur þar sem þessi maður stöðu sinnar vegna hefði átt að standa sig betur en raun varð á. Mér fannst sem ég hefði unnið fyrir árskaupinu!

Hinn atburðinn bar að með þeim hætti að þáttastjórnandi BBC 1 sjónvarpsins hringdi í mig og spurði hvort ég vildi taka þátt í umræðuþættinum Nightline í beinni útsendingu eftir kvöldfréttir og mæta þar þingmanni frá Humberside, Mr. Kevin McNamara. Ég játti því að sjálfsgöðu og hóf strax að undirbúa mig. Ég hafði í huga að nota taktík úr íþróttahæminum þ.e. körfuboltanum með því að þekkja andstæðing minn vel, veikleika hans og styrkleika, hverju hann hefði áorkað í starfi, auk þess að setja hann í sem erfðasta stöðu með spurningum sem hann hefði ekki þekkingu á. Bestu upplýsinganna aflaði ég meðal bresku blaðamannanna, kunningja minna. Ég hringdi í þáttastjórnandann og spurði hversu langur þátturinn yrði og svaraði hann því til að umfjöllun okkar yrði í 13 mínútur. Þá spurði ég hvort ég gæti ekki eftir svo sem 5 -6 mínútur spurt Mr. McNamara nokkurra spurninga. Svar hans var, að sjálfsgöðu gæti ég það. Ég var þannig búinn að tryggja mig gagnvart þáttastjórnandanum að ég fengi gott svigrúm til að koma spurningum mínum á framfæri. McNamara var gamalreyndur þingmaður Verkamannaflokksins og blaðamenn höfðu sagt mér að hann væri „haukur“. Ætlun mín var því að vera í sókn og hlífa honum hvergi ef svo bæri undir. Eftir almenn skoðanaskipti var tími til kominn til að spyrja McNamara og hóf ég sókn mína með því að spyrja hann hvort við gætum ekki verið sammála um að við Íslendingar og fólkið á Humberside værum í sama báti. Þar byggju um 200 þúsund manns, álíka margir og Íslendingar, sem hefðu aðallega fiskveiðar að atvinnu eins og við. Lífsafkoma beggja væri komin undir verndun fiskstofna. Hann kvað nei við því og sagði Breta eiga fullan rétt til veiða við Ísland, útfærsla okkar væri ólögleg og einhliða. Ég svaraði því til að þessi deila í okkar huga snerist um lífsafkomu okkar og verndun fiskstofna. Bretum væri kunnugt um samhljóða álit fiskifræðinga að veiðar yrðu að minnka um 50% í Norður-Atlantshafi ef

Þorsstofninn ætti að lifa og fiskifræðingar þeirra teldu að veiða mætti 260 þúsund tonn af þorski, en okkar menn teldu 230 þúsund tonn vera hámark. Yrði samkomulag að byggjast á þessu og við hefðum þegar boðið Bretum 90 þúsund tonna afla og ættum þá eftir að taka tillit til annarra þjóða, s.s. Þjóðverja, Færeyinga, Belga og fleiri. Ég sagði síðan að Íslendingar væru í fararbroddi í skynsamlegri stjórnun veiða eða væri honum kunnugt um tillögu okkar nýverið á fundi NEAFC- Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar. Hann kvað nei við því og svar mitt var: „Let me tell you.“ Skýrði honum síðan frá því, að við hefðum þar lagt fram tillögu um bann við síldveiðum í Norðursjó. Taldi ég síðan upp nokkrar þjóðir sem væru „scooping up your herring“ og bætti við að Rússar væru „scooping up your mackerel“. Breska ríkisstjórnin hefði sagt nei við þessari tillögu og hún sýndi vanþekkingu og hirðuleysi um breska fiskveiðihagsmunum. Ég fylgdi þessu strax eftir með því að segja, að ég vissi reyndar að hann hefði lengi unnið að því að mótuð yrði breska fiskveiðistefna. Í beinu framhaldi spurði ég hvort við gætum ekki verið sammála um að hún væri ekki til. Hann kvað já við því og ég hélt þá áfram og sagði að ég vissi líka að hann hefði unnið innan European Community að mótun sameiginlegrar fiskveiðistefnu bandalagsins. Við gætum sjálfsgagt verið sammála um að hún væri ekki til. Við þessu kvað hann einnig já. Þá var komið að trompi mínu sem var að segja, að ég vissi að á Humber side væru „five oceangoing trawlers“ og restin væri „rusting away“, gamlir og úreltir togarar. Atvinnuleysi væri þar 20 % og breska ríkisstjórnin hefði ekkert gert til að bæta þar ástandið. Værum við ekki sammála um þetta? Þessu varð hann að svara játandi og það stóð á endum að tíminn var útrunninn. McNamara sagði við mig á eftir að þetta hefði verið fyrir neðan beltisstað og var ekki glaður í bragði. Ég svaraði því til að ég hefði komið til að vinna og ef honum fyndist hann hafa tapað þá yrði það að vera svo. Þar eð ég hafði búist við að hann yrði mun harðari í horn að taka en raun bar vitni hafði ég undirbúið mig fyrir að nota orð sem hann mögulega ekki skildi og mér tókst að fá hann til að spyrja hvað ég hefði sagt. Það var orðið „nefarious“, sem ég notaði í því sambandi að framkoma Breta á miðunum væri svívirðileg árás á lífsafkomu Íslendinga. Hugsun mín var að fá hann til að hvá eftir þessu orði sem mér tókst og sýna þar með að þessi bölvapur Íslendingur notaði orð sem Bretar yrðu að hvá eftir.

Tveimur árum síðar sátum við McNamara saman til borðs í hádegisverði á Þingvöllum sem haldinn var fyrir þátttakendur í fundi Evrópuráðsins. Það fór vel á með okkur og hann viðurkendi hversu rétt við hefðum haft fyrir okkur og óforsjálni bresku ríkisstjórnarinnar hefði verið mikil. Þetta urðu ekki lok samskipta okkar McNamara því tveimur vikum eftir að ég var skipaður sendiherra í London í nóvember 1989 sá ég hann á veitingastað við borð nálægt mér. Ég var svo heppinn að muna nafn hans, gekk til hans og ávarpaði með nafni og kynnti mig sem nýjan sendiherra Íslands í Bretlandi. Spurði ég hann jafnframt hvort hann myndi eftir mér. Hann reis á fætur og svaraði brosandi: „I will never forget you“. Mér þótti þetta svar gott! Hann var á þessum tíma skuggamálaráðherra Verkamannaflokksins fyrir Norður-Írland og niðurstaða mín var að upplýsingar heimildarmanna minna hefðu ekki verið allskostar réttar, að því leyti til, að hann var enginn „haukur“. Þvert á móti, viðkunnaður eldri maður með hagsmuni kjördæmis síns að leiðarljósi.

Dvöl okkar þessi ár í Bretlandi var afar ánægjuleg. Þótt við fengjum öðru hverju hótanir í síma í sendiráðið eða heim til okkar um að sprengju hefði verið komið fyrir í húsinu, bar aldrei á óvinsamlegri framkomu í okkar garð.

Ekki var neinum vafa undirorpið að Bretar hleruðu símana okkar, enda vissi ég frá breskum blaðamönnum að um 150 manna deild gagnjósna sem einungis fylgdist með diplómötum hefði aðsetur í háhýsi við hornið á Tottenham Court Road og Marylebone Road. Heyra mátti ýmis merki hlerana í símanum þessu til sönnunar. Eftir að 200 mílna

deilan var til lykta leidd ákvað ég að gera gangskör að því að leitað yrði að hlerunarbúnaði í sendiráðinu. Ég hringdi í fyrirtæki sem auglýsti sig með dreifiblöðum sem komu í sendiráðið og óskaði eftir að tala við forstjóra þess. Ég sagði við hann að ég þarfnæðist þjónustu hans og hann svaraði: „Say no more, I'll come and see you“. Eldri herramaður með tilkomumikið yfirskegg og hermannlegt yfirbragð birtist síðar á tröppum sendiráðsins. Við fórum á pöbb í nágrenninu og ég ákvað að ráða hann til verksins sem framkvæma skyldi nokkrum dögum síðar. Minnugur latneska orðtækisins: „Qui custodiet, ipso custodes“ eða „Hverjir gæta varðanna“?, ákvað ég að biðja Donald Hunt um að grafast fyrir upplýsingar um þennan mann. Upplýsingar hans voru, að hann hefði verið í MI 5 og „Once an MI 5, always an MI 5“. Ég hringdi því til forstjórans og baðst afsökunar á ónæðinu og kvaðst hafa talað við Reykjavík sem hefði ákveðið að senda sitt eigið lið til að hreinsa símana. Það var síðan morguninn eftir, laugardagsmorgun, að við fórum út að versla sem var venja okkar, að ég veitti athygli mönnum að vinna við lítinn brunn í gangstéttinni fyrir utan húsið. Nany, „au pair“ stúlkan okkar var heima við og sagði okkur að þessir menn hefðu hringt dyrabjöllunni og spurt hvort þeir mættu athuga hvort síminn væri kominn í lag, því þeir hefðu unnið að bilun á sínum í allri götunni. Hreinsunin varð okkur því að kostnaðarlausu og hið uppskrökvaða lið frá Reykjavík vann sitt verk án þess að koma þar nokkuð nærri.

Það var í byrjun 200 mílna deilunnar að ungur blaðamaður, Thomas Arms, knúði dyra á sendiráðinu og óskaði viðtals við mig. Hann kvaðst vera fæddur Ameríkani, sonur ofursta í bandaríska hernum, en vera búinn að fá breskt ríkisfang, kvæntur og sestur að í Bretlandi. Kvaðst Tom, eins hann var kallaður, hafa nýlega verið ráðinn sem blaðamaður hjá Thompson-blaðahringnum og hann hefði veitt því athygli að nokkrir breskir blaðamenn hefðu „meikað það“ í skrifum sínum um 50 mílna deiluna. Væri ég fús að hjálpa honum að „meika það“ á 200 mílna deilunni?

Ég sá að hér var harla sérstakur maður á ferð og ákvað að bjóða honum út á Antilópuna og yfir bjórglasi tjáði ég honum að ég væri fús til að leiðbeina honum og veita upplýsingar sem að gagni gætu komið. Ég tók fram við hann að það væri tvennt sem hann þyrfti að hafa í huga þótt ég myndi aldrei biðja hann um að vera hlutdrægan. Annað væri að hann þyrfti að gera sér grein fyrir því að þessi deila snérist um verndun fiskstofna, „conservation of the fish stocks“, en ekki bara um árekstra á miðum og fundahöld. Ennfremur þyrfti hann að hafa í huga að við myndum sigrá í þessari deilu. Tom tók þessu vel og með okkur tókst góð vinátta sem leiddi til þess, að hann bað mig um að verða guðfaðir sonar síns sem skírður var Christopher.

Við töluðum saman daglega eða oft á dag og hann gaf sig vel að verkefninu. Fór hann margsinnis til Íslands og var gerður að „Diplomatic Correspondent“ blaðahringingsins stuttu eftir að 200 mílna deilan leystist. Tom var viðstaddur undirritun samninganna í Osló og sagði mér sögu frá för sinni sem lýsir vel kímni Breta og er frá blaðamannafundi Einars Agústssonar utanríkisráðherra og Anthony Crossland utanríkisráðherra Breta, sem var þingmaður fyrir Humberside. Breskur blaðamaður spurði Crossland hvort þetta samkomulag þýddi ekki að Bretar hefðu tapað þorskastríðunum. Svar hans var „sportingly“ eða skemmtilegt: „Yes, but we came second“. Ég heyrði einnig sagt að hann hefði látið sér um munn fara er ráðherrarnir fóru í bíla sína eftir fundinn að hann hefði horft á eftir Einari og sagt að þarna færi ráðherrann heim með sigur, en hann þyrfti að horfast í augu við kjósendur sína og verja samkomulagið fyrir þeim. Crossland var mætur maður sem lést langt fyrir aldur fram.

Af Tom er það að segja að hann hætti hjá Thompson blaðahringnum. Hann stofnaði fyrirtækið „Future Events News Service“ þar sem hann seldi upplýsingar til sendiráða, fyrirtækja og fréttastofa um væntanlega atburði s.s. fundahöld, afmæli, ráðstefnur o.fl. Er

ég var sendiherra í Bretlandi tímabilið 1989–1995 lét Tom mér þetta blað í té endurgjaldslaust. Fyrirtækið gekk vel og hann hafði a.m.k. 15 manns í vinnu um tíma. Þess má geta að fyrirtækið seldi síðar upplýsingarnar rafrænt um allan heim. Líklega efnaðist Tom vel á þessu og „meikaði það” öðru sinni, enda afbragðsmaður og fylginn sér í hvívetna.

Björn Þorsteinsson sagnfræðingur og kennari minn í Gagnfræðaskóla Vesturbæjar segir frá því í bók sinni *Tíu þorskastríð*, að „um aldamótin 1500 er talið að Englendingar hafi átt á 5. hundrað hafskip, en um hálf tannað hundrað af þessum skipum hélt á ári hverju á Íslandsmið, verslaði hér og stundaði fiskveiðar“. Björn setur fram þá skoðun, að Englendingar hafi lært sjómennsku sína á óblíðum öldum Atlantshafsins. Það þarf því sjálfsagt ekki að undra að Bretar byggðu málstað sinn m.a. á sögulegum rétti til veiða við Ísland. Við vildum mæta þessu með skilningi enda byggðu ýmis bæjarfélög í Bretlandi lífsafkomu sína á fiskveiðum við Ísland. Vandinn var sá, að samkomulag náðist ekki um hlut Breta þótt okkur þætti þeim vel boðið.

Nærri lá þó samkomulagi á fundi í Downingstræti 10 þar sem ég sat skáhallt handan borðs við Callaghan, utanríkisráðherra Breta. Stólar voru reyndar dumbrauðir eins og segir í kvæði Steins Steinars. Harold Wilson forsætisráðherra sat fyrir miðju borðsins, jakkalaus með uppbrettar skyrtuermar og reiknaði út fisktonn á reiknistokk. Ég veitti því athygli að hann reykti vindla og lét sér nægja að troða tóbaki í pípu sem þó var einkennismerki hans. Samkomulag var að nást og það voru mikil vonbrigði þegar fréttir bárust inn á fundinn, að varðskip hefði skorið á togvíra bresks togara á miðunum. Ég minnst þess að hafa horft á vonbrigðasvip Callaghans er hann hallaði stólnum aftur á bak og horfði upp í loftið í uppgjöf langa stund að mér fannst. Það var ljóst að þessum fundi var lokið.

Andvaraleysi Breta í samningum sínum við Evrópubandalagið um fiskveiðimál, skilningsleysi um þróun hafréttar, lítill pólitískur meirihluti í þinginu og trú Breta á inngróinn rétt hins sterka, „*getting our way*“, leiddi Breta til andstöðu við útfærslu okkar Íslendinga á fiskveiðilögsögunni.

Við Heba náðum, ef svo má segja í skottið á hinum gamla breska heimsveldissinna sem ég mætti stundum á fundum um þorskastríðin. Það leyndist oft einhver í salnum sem lýsti sögulegum rétti Breta til fiskveiða við Ísland og allt í lagi með það, en einn virðulegur eldri maður lét sér eitt sinn um munn fara í fyrirspurnartímanum: „How dare you“? Ég átti alltaf eitthvað í pokahorninu til að svara slíkum sjónarmiðum.

Sendiráðið í London sendi utanríkisráðuneytinu bréf dags. 30. september sem er svohljóðandi:

„Hjálagt sendist eintak af ritinu „RUSI“ Journal of the Royal United Services Institute for Defence Studies. Á bls. 45-51 er að finna grein um landhelgisdeilu Íslendinga og Breta og koma þar fram athyglisverðar upplýsingar um flotavernd Breta á Íslandsmiðum, m.a. þann kostnað sem Bretar urðu fyrir vegna leigu á skipum, viðgerðum o.s.frv. Greinarhöfundur telur heildarkostnað nema ca. 2.914.000.000,00 sterlingspundum.

Erfiðir tímar fóru í hönd fyrir þær þúsundir sem misstu atvinnu sína. Bæjarfélögin í Hull og Grimsby breyttust smátt og smátt og er ég heimsótti þau nokkrum sinnum á tíma mínum sem sendiherra í Bretlandi 1989–1995 höfðu þau tekið stakkaskiptum. Þau auglýstu sig sem „*Gateway to Europe*“, voru inn- og útflutningshafnir, höfðu laðað að sér fyrirtæki í matvælaíðnaði og síðar fyrirtæki í upplýsingaiðnaði. Fjárfestingar þeirra í tölvu- og upplýsingafyrirtækjum gerði þau um tíma að ríkustu svæðum Bretlands. Ég ræktaði gott samstarf við Humberside og tók nokkrum sinnum fram opinberlega að þessi bæjarfélög gætu verið öllum bæjarfélögum til fyrirmyndar. Davíð Oddsson hafði sem

borgarstjóri Reykjavíkur ræktað góð samskipti við Hull og Grimsby og var hans hlýlega minnst af forráðamönnum þessara bæjarfélaga.

Árin tifa, öldin rennur,
ellin rifar seglin hljóð,
fennir yfir orðasennur,
eftir lifir minning góð,

Hjörtur Kristmundsson

Við minnumst dvalar okkar í Bretlandi á þessum árum og síðar með mikilli hlýju. Ef við þyrftum að búa erlendis yrði Bretland fyrir valinu. Það eru ýmsar ástæður fyrir því, en það er önnur saga.

Orðastríðið

Margvíslegar heimildir eru að sjálfsögðu til um baráttuna fyrir verndun sjávarauðlinda okkar. Fyrsta bók sem ég las um þessi efni var bók gamals og góðs kennara míns Björns Þorsteinssonar sagnfræðings, Tíu þorskastríð 1415 – 1976, sem gefin var út af Sögufélaginu 1976 og hefur að geyma eins og nafnið gefur til kynna heimildir um fiskveiðar Englendinga við Ísland í aldanna rás. Bók Davíðs Ólafssonar fyrrum bankastjóra Seðlabanka Íslands, Saga landhelgismálsins – Baráttan fyrir stækkun fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur, gefin út af Hinu íslenska bókmenntafélagi 1999 er lýsing höfundar sem sjálfur tók mjög virkan þátt í baráttunni á vettvangi Genfarráðstefna Sameinuðu þjóðanna. Bók Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings, Þorskastríðin þrjú – Saga landhelgismálsins 1948 – 1976, var gefin út af Hafréttarstofnun Íslands 2006 og er vel ritað og yfirgripsmikið heimildarrit. Um útfærsluna í 200 mílur vil ég geta bókar Guðmundar J. Guðmundssonar cand. mag. í sagnfræði, Síðasta þorskastríðið – Útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Guðmundur varpar þar m.a. skýru ljósi á hina pólitísku umræðu innanlands og hjá Bretum. Góðar heimildir er einnig að finna í útgáfu Sögufélagsins um Stjórnarráð Íslands, einkum í 2. bindi eftir Ólaf Rastick og Sumarliða R. Ísleifsson, (bls. 356 -394). Pétur J. Thorsteinsson sendiherra og ráðuneytisstjóri ritar um landhelgismálin í bókum sínum um utanríkisþjónustuna. Getið skal bókar Helga Skúla Kjartanssonar, Ísland á 20. öld, (bls. 286 – 87, 358 – 60 og 362). Saga landgrunnslaganna 1948 – 1978 með tilheyrandi útfærslum er vel rakin í riti Matthíasar Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra, sem gefið var út af sjávarútvegsráðuneytinu 1978 í tilefni af 30 ára afmæli landgrunnslaganna. Síðast en ekki síst skal getið bókar Lúðvíks Jóseppssonar sjávarútvegsráðherra, sem stóð í eldlínu 50 mílna deilunnar. Bókin hans nefnist Landhelgismálið – Það sem gerðist bak við tjöldin og kom út 1989 hjá Máli og menningu.

Kvikmyndin Síðasti valsinn – Þorskastríðin 1952 – 1976 hlaut Eddu kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunin árið 2000. Myndin kom út á 3 videóspólum sama ár og segir á kápusíðu útgáfunnar: „Síðasti valsinn er frásögn bresku togarasjómannanna, freigátukaftena breska sjóhersins og starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands sem háðu þessi stríð. Sögur þessara manna hafa ekki heyrst áður. Fræðimenn og stjórnámamenn, íslenskir og breskir, rekja auk þess gang þessarar örlagaríku deilu. Þættirnir eru að miklu leyti byggðir upp á gömlum breskum fréttamyndum sem fæstar hafa sést áður á Íslandi.“

Hornsteinn lagður

Íslendingar lögðu grunninn að vísindalegri verndun landgrunnsins með landgrunnslögunum nr. 41 frá 5. apríl 1948. Í lögunum fólst að settar yrðu reglur um „takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti“ og kveðið á um að ráðstafanir samkvæmt lögunum skuli gerðar að fengnum tillögum frá Fiskifélagi Íslands og fiskideild Atvinnudeildar Háskóla Íslands. Allar útfærslur fiskveiðilögsögunnar, þ.e. í 4 mílur 1952, 12 mílur 1958, 50 mílur 1972 og 200 mílur 1975 voru grundvallaðar á þessum lögum. Lög um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu voru síðan sett árið 1969.

Við Íslendingar megum vera stoltir af því að hafa lagt mikið að mörkum í þróun réttar strandríkja. Samkvæmt tillögu Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1949 var alþjóðalaganefndinni falið að taka til meðferðar réttarreglur á hafinu í heild sinni.

Matthías Bjarnason segir í riti sínu Landgrunnslögin 1948 – 1978: „Dagana 27. janúar til 8. febrúar 1949 var haldin í Washington ráðstefna um gerð samninga um fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi. Í lok hennar var gengið frá samskonar samningi og gerður hafði verið í London 1946 um fiskveiðar í Norðaustur-Atlantshafi. Íslenska sendinefndin vann að því að koma inn í samninginn fyrirvara sem væri orðaður þannig, að samningurinn hindraði ekki framkvæmd laganna um verndun fiskimiða landgrunnsins. Árangurinn varð sá, að sett var í samninginn ákvæði um að hann skyldi ekki skerða kröfur samningsríkja er varðaði landhelgi eða fiskveiðilögsögu strandríkja. Var hér í fyrsta skipti í milliríkjasamningi gerður greinarmunur á eiginlegri landhelgi og fiskveiðilögsögu. Var það mikill styrkur fyrir málstað Íslendinga“.

Alþjóðalaganefndin skilaði skýrslu sinni 1956, þar sem lagt var til að kvödd yrði saman alþjóðaráðstefna til að fjalla um réttarreglur á hafinu. Tillögugerð okkar og þrotlaus vinna sendinefnda okkar markaði hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og úthafsveiðisamning Sameinuðu þjóðanna sem öðlaðist gildi 11. desember 2001. Jafnframt lögðu stjórnvöld áherslu á að gerast aðilar að fjölþjóðasamningum um fiskveiðar í Atlantshafi, s.s. fiskveiðar á norðvesturhluta Atlantshafsins frá 1949, samningi um möskvastærð og lágmarksstærðir fisktegunda frá 1946, samningi um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafsins frá 1963 auk þátttöku í störfum Alþjóðahafrannsóknarráðsins og fiskveiðirannsóknnum á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Baráttu þjóðar fyrir sjálfstæði lýkur aldrei, en hvað snertir hafréttarmálin vannst að sjálfsgöðu stórsigur í baráttu okkar við samþykkt Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna 10. desember 1982 og fullgildingu hans 16. nóvember 1994. Samningurinn hefur að geyma alþjóðareglur um réttindi og skyldur ríkja og úrlausn deilumála um málefni hafsins.

50 mílur

Ekki þarf að draga í efa mikilvægi fiskveiða Englendinga og fleiri þjóða við Ísland í gegnum margar aldir. Tilboð Breta til samkomulags við Íslendinga í upphafi samningaviðræðna vegna 50 mílna útfærslunnar segir sína sögu, en þá budust þeir til að takmarka veiðar sínar við 185 þúsund tonna afla. Íslenskum fiskifræðingum og fiskifræðingum Alþjóðahafrannsóknarráðsins var ljóst að fiskstofnar í Norður-Atlantshafi væru ofveiddir, þ. á m. mikilvægasti bolfiskurinn, þorskurinn. Heildaraflatölur á veiddum þorski sýndu að þrátt fyrir um helmingi meiri ásókn hafði heildarafli minnkað svo dæmi sé tekið frá 1953 úr 526 þúsund tonnum í 398 þúsund tonn 1972. Ýsuafli okkar hafði jafnframt minnkað úr 110 þúsund tonnum árið 1961 í aðeins 44,5 þúsund tonn árið 1970. Árið 1971 unnu 14,2 % Íslendinga í sjávarútvegi og 1972 nam útflutningur sjávarafurða 74% af vöruútflutningi okkar.

Það er ekki ætlunin að rekja ítarlega umfjöllun um nauðsyn útfærslu og undirbúning fiskveiðilögsögunnar né skýra lagareglur eða þróun hafréttarmála, en um sjónarmið okkar Íslendinga sjálfra er skylt að nefna samþykkt þings Sjómannasambands Íslands í október 1970 þar sem skorað var á stjórnvöld að hefja þegar undirbúning að stækkun fiskveiðilandhelgi Íslands, þannig að hún næði út fyrir allt landgrunnið. Samþykkt Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna fylgdi fast í kjölfarið þann 12. nóvember 1970.



Það var einhugur um tillögu Ólafs Jóhannessonar forsætisráðherra á Alþingi þann 9. nóvember 1971 um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur. Útfærslunni var mótmælt af Bretum, Vestur-Þjóðverjum og Belgum en útfærslan kom til framkvæmda 1. september 1972 og breskir útgerðarmenn brugðust við með því að senda 80 togara af stað á Íslandsmið. Samið var um takmarkaðar veiðar Færeyinga, V-Þjóðverja og Belga en torleyst var að ná samningum við Breta. Samkomulag var gert við Norðmenn þann 10. júlí 1973 með skiptum á orðsendingum.

Í janúar 1973 urðu bresk stjórnvöld við kröfum breskra útgerðarmanna um herskipavernd með því að senda dráttarbátinn Statesman á Íslandsmið til aðstoðar við breska togara. Landhelgisgæslan hafði síðan í september klippt á togvira fjölda breskra togara sem höfðu ekki fengið stundlegan frið til veiða fyrir íslensku varðskipunum. Breska ríkisstjórnin lét síðan undan kröfum togaraeigenda og ákvað þann 19. maí að senda bresk herskip á Íslandsmið til þess að verja bresku togarana. Nimrod flugvélar voru einnig sendar á vettvang til að fylgjast með ferðum íslensku varðskipanna.

Þegar horft er sérstaklega til kynningar á málstað Íslands við útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur og síðan í 200 mílur, ber að hafa í huga að allar götur síðan Ísland bar fram tillögu sína á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1949 höfðu íslenskir stjórn mála- og embættismenn með Hans G. Andersen þjóðrættarfræðing í broddi fylkingar unnið ötullega að kynningu á sjónarmiðum Íslands og því að sett yrði heildarlöggjöf um málefni hafsins og réttindi strandríkja til að eiga sem víðtækust yfirráð yfir sjávarauðæfum við strendur þeirra. Á Genfarráðstefnunni 1958 náðist ekki samþykki fyrir heildarreglum á hafinu, en ljóst var að þriggja mílna reglan væri úr sögunni og 12 mílna reglan nyti mikils stuðnings. Íslendingar færðu landhelgina út í 12 mílur það sama ár. Ísland tók virkan þátt í öllu því starfi sem á eftir fylgdi, s.s. hafsbotsnefnd Sameinuðu þjóðanna sem stofnuð var 1967. Á öllum fundum er vörðuðu hafréttarmál stofnuðu Íslendingar til samráðs og samvinnu við ríki sem vænta mátti stuðnings frá. Þeirra á meðal voru fjölmörg ríki sem gerst höfðu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna og höfðu svipaðra hagsmuna að gæta. Mörg þessara ríkja eða 38 talsins höfðu sett sér 12 mílna landhelgi og sum hver 200 mílna landhelgi eða fiskveiðilögsögu fyrir 1964. Víðáttumikil fiskveiðilandhelgi ýmissa Suður-Ameríkuríkja naut ekki þjóðrættarlegrar viðurkenningar.

Þann 31. ágúst 1972, daginn fyrir útfærsluna, birtist eftirfarandi ákall til þjóðarinnar í fjölmiðlum:

„Íslenska þjóðin hefur lengi gert sér þess fulla grein, að fiskimiðin við landið eru fjöregg hennar og líftrygging um ókomin ár. Bitur reynsla og glögg vísindi sanna ótvírætt, að þessi lífsbjargarvegur er í bráðri hættu, og því hlýtur þjóðin nú að neyta þess lífsréttar síns að færa fiskveiðilögsöguna í fimmtíu sjómílur í þessum áfanga. Um þetta er hún jafn samhuga og í sjálfri þjóðfrelsisbaráttunni, og margir hafa látið í ljós óskir um, að tækifæri gæfist til þess að sýna þann samhug í áþreifanlegu verki.

Landhelgisgæzlan er traust okkar og hald í þeirri baráttu, sem framundan er, og hlutur hennar mun nú stórukast að gildi og verkefnum, ekki aðeins í átökum, sem kunna að verða við þau skip, sem ekki virða hin nýju fiskveiðitakmörk, heldur einnig í slysavörnum, eftirliti, björgunarstarfi og annarri þjónustu við innlenda sem erlenda sáfarendur á stækkuðu umsjónarsviði. En til þess þarf hún fleiri skip og flugvélar, betri

tæki og meiri mannafla, og þessa framverði sína verður þjóðin að búa eins vel úr garði og nokkur kostur er.

Með allt þetta í huga höfum við undirritaðir ákveðið að beita okkur fyrir almennri fjársöfnun um land allt til eflingar Landhelgisgæzlunni – efna til Landssöfnunar til Landhelgissjóðs – þar sem öllum gefist kostur að leggja fram skerf sinn til þessarar mikilvægu baráttu, og verða með þeim hætti virkir þátttakendur í þessari lífsbjargarstarfsemi þjóðarinnar allrar. Sýnum það öllum, að í þessari baráttu vill hver einasti Íslendingur leggja eitthvað í sölurnar. Það er einhugurinn í þessu máli sem mun færa okkur sigur“.

Undir þetta ákall rituðu 53 Íslendingar, þeirra á meðal forsætiráðherra, ráðherrar, stjórnámálamenn, biskup Íslands og forystumenn í atvinnulífi.

Það má fullyrða að þetta ákall bar ávöxt og þjappaði þjóðinni til samstöðu enda útfærsla fiskveiðilögsögunnar talin gerð til að tryggja rétt þjóðarinnar í þessu lífshagsmunamáli hennar. Íslensku dagblöðin fjölluðu öll að sjálfsgöðu mikið um málið og gáfu Morgunblaðið og Þjóðviljinn út sérblöð þann 1. september 1972. Morgunblaðið gaf út annað sérblað 19. október og greinargóð umfjöllun var í dagblaðinu Tímanum sama dag.


Það vakti mikla ánægju er 17 manna sendinefnd frá O.A.U., Einingarsamtökum Afríku sem var á ferð um Norðurlönd, lýsti stuðningi við málstað Íslands. Formaður nefndarinnar sagði á blaðamannafundi í Reykjavík í byrjun október 1971 að aðildarríkin, sem væru 41 og einkum strandríki Afríku, hefðu mikilla hagsmuna að gæta og myndu styðja hina íslensku þjóð hvar sem því væri við komið.

Skipuð var landhelgisnefnd í ágúst 1972 og áttu allir þingflokkar fulltrúa í henni. Hlutverk hennar var m.a. að vinna að undirbúningi útfærslunnar. Ráðinn var blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar, Hannes Jónsson, sendifulltrúi í utanríkisþjónustunni, sem hafði starfað sem varafastafulltrúi í fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Hannes fékk leyfi frá störfum í utanríkisþjónustunni 31. júlí 1971 og kom aftur til starfa 1. september 1974 er hann var skipaður sendiherra í Moskvu. Erlendir fjölmiðlamenn, blöð og sjónvarpsstöðvar einkum frá Bretlandi, höfðu á undanförunum vikum flykkst til landsins og leitað til upplýsingadeildar utanríkisráðuneytisins um öflun upplýsinga og fyrirgreiðslu um viðtöl við ráðherra, stjórnámálamenn, embættismenn og ráðandi menn í atvinnulífi. Það var áberandi að þessir fjölmiðlamenn leituðu eftir að finna ágreining í röðum okkar en þeim varð ekki kápan úr því klæðinu. Hin gamalgróna stjórnunarregla um að deila og drottna var gagnslaus í þessu máli.

Niels P. Sigurðsson hafði tekið við störfum sendiherra í Bretlandi 11. ágúst 1971 og var fyrir svörum við breska fjölmiðla um málstað Íslands. Til að létta á vinnuálagi í sendiráðinu, sem var gríðarlegt, var gengið frá samningi við kynningarfyrirtækið Whittaker Hunt Public Relations Ltd. sem var í gildi til októberloka 1973. Starfsmenn þess voru tveir, Mr. Donald Hunt og sambýliskona hans Elizabeth. Fyrirtækið gaf fljótlega út 12 síðna bækling með helstu upplýsingum og nefndist hann „Iceland's New Fishing Limits – The Facts“. Fyrirtækið skipulagði, í samráði við upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins boðsferð til Íslands dagana 13. – 20. ágúst fyrir tíu valda fréttamenn. Meðal þeirra voru David Spanier, Diplomatic Correspondent fyrir The Times og Norman Kirkham fyrir Sunday Telegraph, sem báðir áttu eftir að verða mjög virkir í skrifum um útfærslurnar í 50 og 200 mílur. Undirritaður og Ólafur Ragnar Grímsson, sérstakur fulltrúi utanríkisráðherra, sáu um kynningardagskrána á Íslandi og ferðuðust með fréttamönnunum til Akureyrar, Ísafjarðar, Suðureyrar og Neskaupsstaðar. Markmiðið var að sýna glögglega fram á að Íslendingar lifðu á fiskveiðum. Á Suðureyri spurðu fréttamennirnir gamlan sjómann sem var að landa nokkrum þorskrum úr trillunni sinni hvernig stæði á því að hann færi út til veiða eftir svo litlum afla. Svar hans hitti í

mark er hann svaraði að hann yrði að lifa af þessu því hann kynni ekki annað. Síðan bætti hann við að bresku togararnir væru búnir að veiða allan fisk úr sjónum. Fréttamennirnir heimsóttu alls staðar fiskverkunarhús og ræddu við starfsfólk og stjórnendur fyrirtækjanna auk þess að ræða við fulltrúa bæjarstjórnanna. Ólafur Ragnar Grímsson gerði í upphafi ferðarinnar grein fyrir sjónarmiðum Íslands og stjórn málaegri stöðu málsins auk þess sem fréttamenn ræddu við vísindamenn Hafrannsóknarstofnunar og hlýddu á ræðu Lúðvíks Jósepsonar í hádegisverði er hann bauð til.

Sendiráðið í Sambandslýðveldinu Þýskalandi fékk í byrjun desember 1971 kynningarfyrirtækið Zapp – Public Relations í Düsseldorf til að vinna áætlun um kynningarstarfsemi þar í landi og í Sviss og Austurríki. Í bréfi Árna Tryggvasonar sendiherra lýsir hann álagi vegna óteljandi viðtala hans og sendiráðunauts sendiráðsins við fréttamenn blaða auk viðtala í sjónvarpi og útvarpi. Tekur Árni fram, að sendiráðið hafi haldið tölu á blaðgreinum og hafi þá í október 1973 birst 3000 blaðgreinar um útfærsluna.



Í forsætisráðuneytinu hófst Hannes Jónsson handa um undirbúning á útgáfu ríkisstjórnarinnar á upplýsingaritum. Meðal þeirra voru sjö fjölritaðar og tölusettar útgáfur af upplýsingagreinargerðum „Background Information“, sem höfðu að geyma margvíslegar upplýsingar, s.s. um álit fiskifræðinga um ástand fiskstofna og ástæður okkar fyrir útfærslunni. „Background Information No. 7“ var að því leyti til sérstakt að í ritinu birtist ræða


sem Benedikt Gröndal alþingismaður hafði ætlað að halda í Grimsby 8. september 1973. Samtökin „Friends of Iceland“ höfðu tryggt húsnæði fyrir opinn fund, en voru síðan svikin um það. Greinargerð þessi var síðan prentuð í 5000 eintökum eins og flestar greinargerðirnar og dreift til um 2000 fjölmiðla og áhugamanna um hafréttarmál. Hannes var jafnframt höfundur að 50 síðna litprentuðu riti „Iceland and the law of the sea.“ Ritið var efnismikið og prentað á myndapappír og þarafleiddandi dýrt í framleiðslu til fjöldadreifingar. Því kom fljótlega út eða í febrúar 1973 upplýsingaritið „Iceland's 50 miles and the reasons why“, sem var 16 síður. Það var fyrst prentað í tveimur litum, þ.e. hvítum og bláum og síðan endurútfært í hvítum og grænum lit. Af þessu riti var jafnframt prentuð þýsk útgáfa.

Ýmsir atburðir á árinu 1973 urðu til þess að óvenju margir erlendis fréttamenn sóttu Ísland heim, s.s. eldgosíð á Heimaey í janúar, leiðtogafundur Nixon Bandaríkjaforseta og Pompidou forseta Frakklands 31. maí og 1. júní, heimsókn Margrétar II Danadrottningar í byrjun júlí og síðast en ekki síst vegna heimsmeistaraeinvísisins í skák milli Boris Spassky og Robert Fischer sem fór fram milli 2. júlí til 24. ágúst. Af því tilefni skipulagði Hannes Jónsson dagskrá fyrir erlenda fréttamenn dagana 17. -18. júlí, þar sem hann og undirritaður önnuðust kynningarmál á fundi á Loftleiðahótelinu auk þess sem Lúðvík Jósepson sjávarútvegsráðherra hélt ræðu. Flogið var til Vestmannaeyja þar sem fiskvinnsluhús voru skoðuð og Pétur Sigurðsson forstjóri skýrði björgunarhlutverk og gæslustörf Landhelgisgæslunnar. Forseti bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum, Sigurgeir Kristjánsson, fjallaði m.a. í hádegisverði um mikilvægi fiskveiða fyrir Íslendinga.

Hannes Jónsson réðist í gerð 10 mínútna 16 mm. kvikmyndar, „Iceland and the Resources of the Sea“. Mynd þessari sem var tilbúin í júlí 1972 var dreift í fjölda eintaka

til sendiráða eða beint frá Íslandi. Tilgangurinn með gerð myndarinnar var að auðvelda erlendum sjónvarpsstöðvum umfjöllun um landhelgismálið. Myndin gat hvorttveggja verið sýnd með enskum texta eða hljóðsett með öðrum tungumálum. Önnur og mun efnismeiri 50 mínútna kvikmynd „The Living Sea“, var síðan tilbúin í ágúst sama ár. Mynd þessi var unnin að ósk ríkisstjórnarinnar í samvinnu við Ríkisútvarpið og starfsmenn þess, þá Eið Guðnason fréttamann og Sigurð Sverri Pálsson kvikmyndagerðarmann. Blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar bauð 100 sjónvarpstöðvum eintök af myndinni og lágu fyrir 24 pantanir frá sjónvarpsstöðvum víðsvegar um heim er myndin var fullgerð.

Þessar kvikmyndir voru þó ekki þær einu sem notaðar voru til kynningar á málstað Íslands. Á blaðamannafundi fyrir erlenda blaðamenn sem Einar Ágústsson utanríkisráðherra hélt þann 18. júní 1972 var sýnd kvikmyndin „Sea Harvest“.



Ríkisstjórnin gaf síðar út bók á ensku um landhelgismálið sem nefnist „The Evolving Limit of Coastal Jurisdiction“. Í henni er að finna 42 skjöl (lög, reglugerðir, alþjóðasamþykktir og tillögur á alþjóðavettvangi), sem sýna stefnuna í þróun þjóðréttarreglna varðandi víðáttu lögsögu- og hagnýtingarréttindi strandríkja yfir hafssvæðinu undan ströndum þeirra. Í fréttatilkynningu frá ríkisstjórninni þann 21. júní 1974 segir m.a. „Bókin hefur þegar verið pósthöfð til blaða, tímarita, rithöfunda, stjórnarerindreka, íslenskra ræðismanna og sérfræðinga um allan heim og verður send íslensku sendiráðunum til frekari dreifingar“.

Fyrsta kynningarritið um útfærsluna var rit utanríkisráðuneytisins sem var fjölritað 38 síðna hefti í grænni kápu og gefið út í júlí 1971. Önnur og veglegri útgáfa með sama nafni og mætti kalla höfuðrit, var gefin út í febrúar 1972. Það var 54 síðna litprentað rit „Fisheries jurisdiction in Iceland“, sem samið var af Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingi utanríkisráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar. Þetta kynningarrit var jafnframt gefið út á þýsku. Í þessu riti er að finna auk upplýsinga um mikilvægi fiskveiða fyrir Íslendinga, laga- og fiskifræðilegar upplýsingar og þrjár ræður Hans G. Andersen um hafréttarmál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna 1971, ræðu Ólafs Jóhannessonar forsætiráðherra á fundi Norræna ráðsins 19. febrúar 1972, ræðu Einars Ágústssonar utanríkisráðherra á fundi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 29. september 1971 og ræða Lúðvíks Jósepssonar, sjávarútvegsráðherra á fundi NEAFC, Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðiráðsins 15. desember 1971. Þessar ræður bera vitni að innihaldi þeirra fjölda ræðna sem fulltrúar okkar höfðu flutt um stefnu Íslands í fiskveiði- og hafréttarmálum á ýmsum vettvangi undanfarin ár. Ritinu var þegar dreift til fulltrúa í hafsbotnsnefnd Sameinuðu þjóðanna og rannsóknarmanna í alþjóðalögum og til fréttamanna.




Utanríkisráðuneytið dreifði í desember 1972 átta síðna fjölriti á ensku af skýrslu Fiskifélags Íslands um þorskafla á Íslandsmiðum 1967 – 1971 og tillögum Hafrannsóknarstofnunar um verndun fiskstofna.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var lagt fram vinnuskjal þann 5. apríl 1973 sem nefndist „Jurisdiction of Coastal States over Natural Resources of the Area adjacent to their Territorial Sea“. Allsherjarþingið var að sjálfsögðu kjörinn vettvangur til að koma málstað okkar til skila meðal aðildarþjóðanna. Þannig var í maí 1973 lögð fram skýrsla:

„A Report to the U.N. Committee on Natural Resources – Iceland“, alls 39 vélritaðar síður. Aðalræðisskrifstofa Íslands var til húsa í sama skrifstofuhúsnæði og fastanefndin og vann að kynningarmálum. Gunnar G. Schram varafastafulltrúi Íslands kom t.d. fram í tveggja klukkustunda sjónvarpsþætti PBS sem sendur var til 237 sjónvarpsstöðva og ritaði í kjölfarið 18 síðna grein að beiðni ritstjóra tímaritsins Ocean Management sem gefið var út í Hollandi. Gunnar nefndi greinina Iceland's 50 Miles Fisheries Zone og var henni dreift af forsætis- og utanríkisráðuneytinu.

Auk framangreindra rita gaf utanríkisráðuneytið út fjögurra síðna rit sem nefnt var 50 Miles Fishery Limits – The Icelandic Case. Þetta rit var mjög handhægt í dreifingu þar sem það var í raun einblöðungur og því kostnaðarlítið í prentun og dreifingu. Endurskoðuð útgáfa var síðan gefin út í júlí 1973. Um var að ræða sérprentun á grein Hans G. Andersen þjóðréttarfræðings sem birst hafði í 4. tbl. EFTA Bulletin.

Í 2. tölublaði Úlfljóts, tímarits laganema, birtist ensk prófritgerð eftir Jón Ögmund Þormóðsson fulltrúa í utanríkisþjónustunni. Grein þessi var sérprentuð og gefin út í allstóru upplagi og nefndist Some Legal Aspects of the Conservation of Fish Stocks In the North-East Atlantic Ocean. Í þessum skrifum sínum gerði Jón grein fyrir sögu, þróun og lagalegum sjónarmiðum hafréttarmála. Grein þessi var hentugt kynningarrit á málstað okkar. Dreifing til sendiráðanna og annarra hófst þann 19. júlí 1973.



Grein Más Elíssonar fiskimálastjóra í tímaritið La Pêche Maritime var mjög notuð til kynningar málsins í Frakklandi og Þýskalandi. Greinin nefndist La Zone de Pêche de l'Islande og á þýsku Die Isländische Fishereigrenzen.

Mikil vakning var meðal félagasamtaka, fyrirtækja, stúdentafélaga og fjölmargra einstaklinga að leggja málstað okkar lið hvort sem var með kynningarritum, fundahöldum eða á annan hátt.

Verslunarráð Íslands óskaði aðstoðar utanríkisráðuneytisins í bréfi 15. maí 1972 við útgáfu þriggja til fjögurra síðna kynningarrits, sem dreift yrði til íslenskra innflytjenda sem síðan myndu dreifa ritinu til breskra viðskiptavina sinna. Verslunaráðið kvað þetta viðbrögð við yfirlýsingu sambands breskra flutningaverkamanna sem hafði tilkynnt að kæmi til útfærslu kynni það að leiða til mótaðgerða af þeirra hálfu í þá átt að hindra afgreiðslu á vörum sem flytja ætti milli Íslands og Bretlands. Verslunarráðið gaf út fréttatilkynningu 26. september 1972 þar sem skýrt var frá dreifingu þessa kynningarrits Cod and the Common Sense sem einnig var gefið út á þýsku og viðræðum sem haldnar höfðu verið með erlendum verslunarráðum eða fulltrúum þeirra.

Bæklingur þessi hefur greinilega komið að góðu gagni og má nefna að fyrirtækið Borgarfell h.f. sem dreift hafði bæklingi Verslunarráðs Íslands skýrði ráðuneytinu frá því í bréfi dags. 14. febrúar 1973 að það vildi ekki láta hjá líða að láta ráðuneytinu í té kafla úr bréfi eins viðskiptavinar síns í Englandi: „We found fishing statistics forwarded by you most interesting. It would be most effective if your government would publish these figures in British and German newspapers to illustrate to the public in these countries the unfairness of the economic situation Iceland is placed in contrast to other fishing nations. The attitude of the general public seems to be that of indifference and neutrality on the question, in particular as it does not know any relevant facts. Advertisements of this nature in either The Times or Financial Times in England would no doubt influence the local attitude“. Ýmis bréf þessu lík bárust sendiráðunum þar sem ráð eða aðstoð var boðin.

Alþýðusamband Íslands beitti sér sterklega í stuðningi við málstað Íslands. Samtökin héldu fjölmennan borgarafund þann 24. maí 1973 þar mótmælt var yfirgangi breskra stjórnvalda við veiðum breskra togara undir herskipavernd og skorað á íslensk stjórnvöld af því tilefni að leggja fram tillögu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um fordæmingu á framferði Breta. Jafnframt var skorað á fastaráð Atlantshafsbandalagsins, NATO, að fordæma Breta og knýja þá til að draga herskip sín frá Íslandsmiðum. ASÍ sendi 11 síðna bréf til verkalyðsfélaga allra landa með bön um að þau kynntu sér málstað Íslands. Bréf þetta var á ensku, frönsku, norsku og spænsku.



Grein Björns Jónssonar forseta ASÍ sem birtist í Free Labour World, tímariti Alþjóðavinnuálagssambandsins (ICFTU) kom jafnframt út á frönsku og þýsku. Hún var sérprentuð á þessum tungumálum og gefin út og dreift víðsvegar um heim. Ritið var litprentað og var átta blaðsíður og sýndi m.a. að 81,9% af útflutningi Íslendinga var fiskur og fiskafurðir í samanburði við nokkrar aðrar þjóðir, s.s. Breta þar sem aðeins 0,2% fór til útflutnings.

Samband íslenskra samvinnufélaga – SÍS og Eimskipafélag Íslands sendu bréf til viðskiptavina sinna. Bréfin voru undirrituð af forstjórum þessara fyrirtækja þeim Erlendi Einarssyni og Óttari Möller. Meðal annarra stórfyrirtækja sem störfuðu á alþjóðavettvangi voru Loftleiðir, sem m.a. gengust fyrir sýningu meðal ferðamálaaðila í Noregi á kvikmyndinni „The Living Sea“.

„The Living Sea“ var frumsýnd í London 16. ágúst 1972 í skrifstofuhúsnæði Flugfélags Íslands við Grosvenor Street. Í skýrslu Hannesar Jónssonar 21. ágúst segir: „30 manns mættu, m.a. fréttamenn frá stórbliðunum, alþjóðlegum fréttastofum, BBC-sjónvarpinu, og ITV-sjónvarpsstöðinni og útvarpsstöðvum. Donald Hunt undirbjó fundinn og sendiráðið. Tókst fundurinn með miklum ágætum og komust sjónarmið Íslands í landhelgismálinu inn í allt breska fréttanetið í gegnum hann, sbr. meðfylgjandi ljósrit af nokkrum sýnishornum greina úr stórbliðunum. Auk þess voru fréttufrásagnir af honum í sjónvarpi og útvarpi og undirritaður kom fram í þremur sjónvarpsviðtölum um málið og einu útvarpsviðtali“.

Ýmsir þingmenn og fulltrúar Íslands á fjölþjóðafundum dreifðu kynningarefni á slíkum fundum s.s. Jón Skaftason formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sem tók með sér 300 bæklinga til dreifingar á fundi Norðulandaráðs í Stokkhólmi 24. – 25. október 1973.

Fyrirtækin Coldwater og Iceland Products í Bandaríkjunum voru einnig virkjuð í apríl 1972 til dreifingar á upplýsingaefni til viðskiptavina sinna og fjölmiðla.

Samtök íslenskra námsmanna erlendis – SÍNE og íslensk stúdentafélög, einkum á Norðurlöndum létu ekki sitt eftir liggja og stóðu fyrir fundarhöldum og útgáfu og dreifingu rita. Á vegum samtakanna var m.a. sýnd kvikmyndin Davíð sigrar Golíat.

Borgþór S. Kjærsted, sem árið 1971 hafði verið búsettur í 7 ár í Finnlandi, var einstaklega ötull við að flytja Finnum fréttir frá Íslandi og koma sjónarmiðum Íslands á

framfæri. Mánaðarlega birtust greinar eftir Borgþór í Huvudstadsbladet í Helsingfors. Skrif og viðtöl Borgþórs birtust einnig í fjölda finnskra landsmálablaða auk þess sem hann sótti fundi og kynnti málstað Íslands með ræðum og sýningu kvikmynda. Verður vikið síðar að þætti Borgþórs í 200 mílna deilunni.

Á vegum stúdenta í Noregi kom út ritið Grunnene for utvidelsen av den islandske fiskerigrensen, sem dreift var til fjölmiðla og áhrifamanna.

Í Svíþjóð gáfu námsmenn út í apríl 1973 átta síðna bækling prentaðan í 10 þúsund eintökum sem nefndist Íslands 50 Mil Gräns – Stöd Íslands Kamp för sin Existens. Íslendingafélagið og SÍNE héldu útifund með þátttöku samtakanna Solidaritets kommitén med Island á Sergel torgi 26. apríl. Þar voru borin kröfuspjöld og bæklingum dreift. Auk myndar af Íslandi á rauðprentaðri forsiðu er mynd af hnefa og máttlausu ljóni. Meðal ræðumanna á fundinum voru Per-Olaf Sundman, rithöfundur, þingmaður Miðflokksins og Íslandsvinur auk C. H. Hermannsson foringja VPK, sænska kommúnistaflokksins. Í Svíþjóð var einnig gefið út tveggja síðna ritið Värfor 50 sjömil? Stúdentar í Lundi stóðu einnig að kynningu á málstað Íslands.

Svavar Sigmundsson sendi undirskriftir 68 stuðningsaðila á ráðstefnu í Umeå í Svíþjóð 14.-19. júlí 1973 á alþjóðþingi um norræn og almenn málvísindi. Skömmu áður eða í maí höfðu ýmis sænsk félagasamtök sent frá sér stuðningsyfirlýsingu við málstað Íslands.

Um aðra sem kynntu málstað Íslands í Noregi má geta stúdenta við Háskóla Íslands er þeir Árni Blandon og Garðar Mýrdal sóttu landsfund norskra stúdenta þar sem landhelgismál Íslendinga voru á dagskrá. Stúdentaráð Háskóla Íslands hafði þann 4. febrúar 1972 sent frá sér ályktun um landhelgismálið. Albert Einarsson sýndi kvikmyndina 240 fiskar fyrir kú á fundi í Osló og fleira mætti upptelja.

Stúdentaráð Háskóla Íslands sendi tvo fulltrúa á stúdentþingi í Prag, Vín og Osló í október 1973 í þeim tilgangi að ræða um málefni Íslands og koma á sambandi við erlenda stúdenta.

Stúdentar í Danmörku létu heldur ekki sitt eftir liggja. Í Kaupmannahöfn gáfu þeir út bæklinginn Red fisken i Nord-Atlanten. Útgefandi var Komitéen for bevarelse af fiskebestanden i Nord-Atlanten. Sendiráðið í Kaupmannahöfn skýrir frá því í bréfi 5. janúar 1973 að sett hafi verið upp auglýsingaspjöld í fiskverslunum í Kaupmannahöfn. Stúdentar í Árósum stóðu jafnframt að útgáfu á kynningarriti.

Sendiráðið í Kaupmannahöfn fylgdist vel með blaðaskrifum og sagði dönsku blöðin fara sér heldur hægt í að taka afstöðu til deilu Íslendinga og Breta, „öðru hvoru birtast þó mjög jákvæðir leiðarar í þeim um málstað Íslands, ekki síst í blöðunum úti á Jótlandi, s.s. Aalborg Stiftstidende og Aarhus Stiftstidende. Einnig hafa verið mjög jákvæðar greinar í Jyllandsposten“.

Sigurður Bjarnason sendiherra hélt blaðamannafund 31. ágúst 1972 og var sjö síðna ræða hans lögð fram fjölrítuð: Fiskeribestandens beskyttelse livsbetingelse for Íslands befolkning.

Bjarni M. Gíslason rithöfundur, ljóðskáld og fyrirlesari sem hafði veið búsettur í Danmörku frá árinu 1933 og verið óþreytandi í skrifum sínum um Ísland í norrænum, enskum og þýskum blöðum og tímaritum birti grein í Danmörku um útfærsluna: Íslands kamp for sit eksistensgrundlag.

Norræna félagið í Finnlandi lýsti stuðningi við Íslendinga og fréttatilkynning sama eðlis var gefin út af æskulýðsdeild norræna félagsins í Svíþjóð.

Námsmenn í Þýskalandi gáfu einnig út kynningarrit, héldu fundi og rituðu bréf, s.s. bréf líffræðistudenta við Kielarháskóla til Josef Ertl landbúnaðarráðherra, þar sem skorað var á sambandsstjórnina að breyta afstöðu sinni gagnvart útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland. Sturla Þórðarson skýrði Einari Ágústssyni frá því í bréfi 12. mars 1973 að hann hafi fengið félagana sína í þorpi í Þýskalandi til að fá flokksdeild í SPD til að samþykkja tilmæli til miðstjórnar SPD og kanslara Vestur- Þýskalands um að demókratískur flokkur sem SPD standi ekki að svona ágangi gegn smáþjóð norður í hafi. Sturla óskaði upplýsingarita því svar upp á sex síður hefði borist og hann vildi vita hvor lygi meira Þjóðviljinn eða landsmenn.

Samtök Íslendinga í Suður-Þýskalandi – Verein der Isländer in Süddeutschland skýrðu frá því í bréfi til sendiráðsins í Bonn 19. febrúar 1973 að samtökin hefðu dreift 25 þúsund eintökum af fjögurra síða ritlingi sem nefndist Die Spinnen die Isländer. Forsíðumynd er af Íslandi sem sýnir 12 og 50 mílna mörkin og texti undir myndinni er: Warum denn wohl? Ábyrgðarmenn að ritlingnum voru Ingvar Árnason, Sigmar Karlsson og Magni Bjarnason.

Ágúst Einarsson, beitti sér einnig sem formaður bandalags íslenskra stúdenta í Vestur-Þýskalandi og stóð fyrir kynningu málstaðar Íslands.

Í Alþýðublaðinu 15. mars 1973 birtist athyglisverð grein sem þýdd er úr norsku dagblaði eftir Steen Viksveen, fréttaritari í Bonn. Þar segir m.a: „Þá hefur stuðningur vísindamannanna við Íslendingana óneitanlega haft meiri áhrif almennings álitans í Þýskalandi en nokkurt einstakt plagg annað, sem lagt hefur verið fram, ef undan er skilinn úrskurður alþjóðadómstólsins í Haag“.

Friðgeir Björnsson formaður Æskulýðssambands Íslands ritaði Einari Ágústssyni utanríkisráðherra bréf dags. 6. desember 1972 þar hann skýrir frá því að ÆSÍ hafi haldið ráðstefnu 13.- 16. apríl um verndun sjávar og nýtingu. Í bréfinu segir: “ Ráðstefnan var haldin í samvinnu við CENYC – Æskulýðsráð Evrópu með þátttakendum frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð, V- Þýskalandi, Írlandi, Austurríki og Íslandi. Erlendir fyrirlesarar voru Patrick Wall MP frá Bretlandi, Francis T. Christy, einn af ráðgjöfum bandarísku ríkisstjórnarinnar um verndun sjávar og nýtingu og Thor Heyerdahl, sem skrifað hefur greinar í norsk dagblöð um landhelgismálið“. Meðal íslenskra fyrirlesara voru Eysteinn Jónsson forseti sameinaðs Alþingis, Hans G. Andersen þjóðrættarfræðingur, Sven Åge Malmberg haffræðingur, Sigfús Schopka fiskifræðingur og Gunnar G. Schram. Fjögurra síðna ályktun ráðstefnunnar fylgir með bréfinu og þriggja síðna ályktun öryggismálaráðstefnu æskunnar í Evrópu þar sem segir m.a. „Another specific problem that was discussed was the need of extending the fishing limit of Iceland to guarantee the rights of Iceland to use its own natural resources“.

Fjölmargir einstaklingar lögðu sitt af mörkum til kynningar á málstað Íslendinga. Fyrir atbeina Lúðvíks Jóseppsonar sjávarútvegsráðherra hélt Jónas Árnason alþingismaður í fyrirlestrarferð til Bretlands með togaranum Júpíter. Strax sama dag, eftir fjögurra daga siglingu til Hull, hélt Jónas blaðamannafund sem hafði verið undirbúinn af ræðismanni Íslands í Hull, Henry Mapplebeck. Greinar birtust í tveimur blöðum, Hull Daily Mail og Yorkshire Post. Greinin í Hull Daily Mail var mjög vinsamleg og í grein Yorkshire Post var greint ágætlega frá þessum fundi. Jónas kom fram í viðtölum á þremur sjónvarpsstöðvum auk þess að koma fram í þekktum sjónvarpsþætti BBC, The World Tonight. Þar sem þekktur sjónvarpsmaður, Douglas Stewart, átti við hann viðtal. Þótt utanferð Jónasar hafi verið umdeild áður en hann lagði í för sína þótti ferðin afar árangursrík og Jónas hafa staðið sig af mikilli prýði. Hull og Grimsby voru meðal þeirra bæja í Bretlandi sem mest áttu undir fiskveiðum á Íslandsmiðum og vissulega var ferð í gin breska ljónsins á svo viðsjárverðum tíma ekki heiglum hent. Breskir togaræigendur

brugðust við boðun blaðamannafundar Jónasar með því að boða blaðamannafund á sama tíma.




Frá mótmælagöngu að breska sendiráðinu í Reykjavík í janúar 1973

Jónas var aftur á ferðinn í Grimsby haustið 1973 í fylgd með Benedikt Gröndal alþingismanni og héldu þeir þar blaðamannafund. Þeir sögðu sig finna fyrir vetrarkvíða hjá breskum sjómönnum og þóttust skynja að Bretar væru í þann mund að gefast upp á veiðum sínum með uppteknum hætti á Íslandsmiðum.

Fleiri æskulýðssamtök létu sig málið skipta og sendiráðið í Stokkhólmi sendi með bréfi 22. desember 1973 ályktun Pohjala – Nordens Ungdomsrepresentantskap, þar sem lýst er stuðningi við Ísland og skorað á norrænar ríkisstjórnir að styðja Ísland að fullu.

Norrænu ríkisstjórnirnar héldu sig til hlés í yfirlýsingum um afstöðu sína. Það var einkum Noregur auk Íslands sem beitti sér á hafréttarráðstefnunni fyrir réttindum strandríkja og Dagfinn Vaarvik utanríkisráðherra Noregs lét þau orð falla á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1973 að það kynni að ráða úrslitum um varðveislu heimsfriðarins, ef ráðstefnan næði farsælum árangri er nyti stuðnings meirihluta ríkja heimsins. Einar Ágústsson utanríkisráðherra fjallaði að sjálfsgöðu um hafréttarmál á þessu þingi sem öðrum.

Þegar lítið er til afstöðu og varkárni norrænu ríkisstjórnanna er vert að hafa í huga svar Einars Ágústssonar utanríkisráðherra á Alþingi 22. október 1973 við fyrirspurn Jóns Ármanns Héðinssonar alþingismanns. Fyrirspurnin hljóðaði svo: „Hefur utanríkisráðherra leitað eftir viðurkenningu annarra ríkja á 50 mílna landhelgi? Hvaða árangurs má vænta af því starfi?“



Svar Einars Ágústssonar hljóðaði m.a. svo: „Sjónarmið Íslendinga eru í stöðugri kynningu gagnvart öllum ríkjum í sambandi við undirbúning hafréttarráðstefnunnar. Að svo stöddu er ekki óskað eftir formlegri viðurkenningu einstakra ríkja vegna þess að við vinnum að viðurkenningu á almennum rétti strandríkja til útfærslu en ekki viðurkenningu á grundvelli

sérstöðu Íslands. Meira verður ekki sagt“.

Kekkonen forseti Finnlands lýsti stuðningi Finna við málstað Íslands er forseti Íslands, Dr. Kristján Eldjárn og Halldóra eiginkona hans sátu heiðurskvöldverð hans í Helsinki þann 3. mars 1972. Kekkonen sagði m.a: „Eigi nokkur þjóð rétt á að draga fæðu sína úr sjónum, þá á íslenska þjóðin það“.

Fjöldmörg bréf er að finna í skjalasafni utanríkisráðuneytisins um stuðning við málstað Íslendinga frá lagastofnunum, háskólamönnum, félagasamtökum og frá einstaklingum. Útfærslan í 50 mílur var afar vinsælt efni í fjölmargar ritgerðir stúdenta víðsvegar um heim.



That'll really teach them – swim with another note from the Foreign Office

Óhætt er að segja að útgáfa átta síðna bæklinga Captain Owen Cunningham, F.H.C.I, F.Z.S. þann 5. janúar 1973 hafi komið á óvart. Að ósk nokkurra breskra þingmanna var sendiráðið í London beðið að koma ritinu til Íslands. Captain Cunningham var eigandi og stjórnarformaður þekktustu fisk- og fiskmetisframleiðsluhúsa Bretlands. Í inngangi ritsins segir Cunningham m.a. „It should be no part of British history, that Her Majesty's Government, by acts of noble but short-sighted origin, assist in bringing about a quite foreseeable disaster for that country“. Cunningham ræðir um minnkandi fiskstofna, lífsafkomu og þörf verndunaraðgerða, hvernig Íslandsmið hafi verið ofveidd, „desparately overfished“ upp í landsteina af Bretum. Hann setur fram tillögur til lausnar, m.a. með því að breski sjóherinn verði kallaður af Íslandsmiðum og meðal lokaorða hans er eftirfarandi; „He, honestly believes that the time has come to call a spade a spade, and that the handling of a commodity such as fish on a national basis requires the less delicate touch of the expert rather than the dipolmatic hand of the Foreign Office“.

Þótt Captain Cunningham hafi verið að verja persónulega hagsmuni sína og fyrirtækis síns er ljóst af titilblaðinu einu að þarna var ígrunduð frásögn af stöðu fiskveiða í Norður-Atlantshafi og stefnubreyting yrði að verða hjá bresku ríkisstjórninni. Titill og undirfyrirsögn ritsins var: Icelandic Fishing Dispute – An appraisal of the Icelandic Government's extension to fifty miles, of its fishing limits for foreign vessels, its cause

and effect on the British fishing, together with recommendations to Her Majesty's Government to enable them to bring the dispute to an end. By Captain Cunningham, Fish and Seafood Specialist, of Curzon Street, London.

Á forsiðu Morgunblaðsins þann 3. mars þar sem greint er frá stuðningi Kekkonen forseta Finnlands við Ísland birtist einnig frásögn af stuðningi tveggja lávarða sem vorðu rétt Íslands til útfærslu. Ted Willis lávarður hélt ræðu í House of Lords þar sem hann sagði m.a. að verksmiðjutogarar sygu upp fiskinn eins og ryksugur. Boothby lávarður tók einnig til máls af sama tilefni og veitti orðum Ted Willis stuðning. Ted Willis reyndist góður stuðningsmaður Íslands við ýmis önnur tækifæri og heimsótti Ísland.

Það var einnig í janúar 1973 að stuðningur við málstað Íslands kom fram í Þýskalandi er Dr. Tomczak undirritaði og birti tveggja síðna yfirlýsingu á ensku: „Open letter from 46 scientists and their fellow workers at the Institute of the Science of the Sea of the University of Kiel to the Trade Union ÖTV“, (Trade Union of Public Service, Transport and and Traffic). Í bréfinu eru settar fram tölulegar upplýsingar um nauðsyn verndunar fiskstofna við Ísland, hvatt til stuðnings við málstað Íslands og krafist afturköllunar aðgerða og verkfalls hafnarverkamanna í Bremerhaven og Cuxhaven sem beint var gegn Íslendingum.

Ýmis stuðningsbréf við Íslendinga mætti telja til, en það hressilegasta barst til skrifstofu forseta Íslands. Það var frá R.E.D. Woolsley, Ph.D., Principal Scientist, Institute for Operational Research, Colorado School of Mines. Woolsley titlaði sig jafnframt Adjunct Professor við Waterloo-háskólann í Ontario, Kanada. Woolsley setti fram þá hugmynd að sprautað yrði illa þefjandi efni úr þyrlu yfir breska flotann og togarana. Hann útlistaði efnið á fræðilegan hátt og sagði lykt þess minna helst á lykt af skúnkum. Ekkert líkamstjón hlytist af því, en það æti sig inn í málningu, föt og hvaðeina og aflinn yrði að sjálfsgöðu ónýtur.

Frá sendiráðinu í Osló barst bréf í júlí 1973 frá Jack Berntsen menntaskólakennara í Svolver með ljóði og lagi með fyrirsögninni: „50 Mil“. Undirritaður sendi bréf þetta til allra íslenskra fjölmiðla til gamans. Erindin eru tvö með viðlagi. Fyrri erindi hljóðar svo: „I storm og stille, i solskin og fokk, på dekk og på tilje, vi kjemper i flokk! Viðlagið var svo: „For 50 milgrensa vi våger vor dyst, opp i kamp for vårt hav, opp i kamp for vår kyst“.


Sendiráðið í London var áskrifandi hjá Durant's að blaðaúrklippum um deilurnar. Þær voru yfirfarnar og sendar til utanríkisráðuneytisins. Það eru ekki efni til í þessum skrifum að hafa á þeim tölu eða gera þeim skil, en flestar þeirra voru um atburði á hafinu og um samningaviðræður Íslendinga og Breta auk skrifa um umfjöllun í breska þinginu. Einnig birtust greinar sem hvöttu til samninga eða sýndu málstað Íslands skilning og gagnrýndu framkomu Breta. Sendiráðið skrifaði oftast bréf með þeim sem þóttu mikilvægar, en sum þessara umslaga eru enn óopnuð í kassa í skjalasafni ráðuneytisins. Leiðarar voru hinsvegar oftast sendir heim með sérstökum bréfum og úrdrætti.



Lesendabréf sem höfundur sendi sendiráðinu í London til fróðleiks var bréf R. Gunn Munro, Former Member International Law Association and Member of the Consultative Panel of Experts on International Law to the United Nations. Bréfið var dagsett 24. ágúst 1973 og sent til dagblaða í Skotlandi og Írlandi. Fyrirsögn þess var Iceland Fisheries Dispute: „May I through the medium of your readers column attempt to correct what appears to be the prevalent misconception regarding the position of Iceland and that country's so called „breach of international law“, There is no „democratic“ making of law in international relations as we might understand the term. Rather there are practices of sovereign states which are the result of interstate agreements at the best, or more often, from the forced recognition of an arbitrary decision created in the (invariably) economic interest of a more powerful state whose sanction is the cannon. The most blatant example of this is the concept of territorial waters a subject which is generally agreed by many authors on International Law to require a completely new appraisal which will take cognisance of economic factors as well as those of national security and health.

Therefore, England's claim that attempted exclusion of her fishing fleets from Icelandic home waters constitute a breach of International Law is fallacious to the extent of boarding upon the ridiculous. Iceland with her economy almost wholly dependant upon her fishing industry must surely be considered to be acting well within the interest of her people in attempting to preclude England from overfishing in her waters. Now with the presence of the English Royal Navy off the coasts of Iceland with the sole purpose of intimidating and subjecting the Icelandic people into acceptance of a state of affairs whereby superior and onerous economic advantages may be obtained to the advantage of England we have seen a reversion as to what can only be described as „gun boat law“ a form of democratic robbery perfected by England over the course of centuries and now obviously resuscitated to distract from her vastly diminished role of world power“.

Þetta lesendabréf var fagnaðarefni enda óvenju harðort í garð breskra stjórnvalda.



Breska ríkistjórnin lagði skýrslu fyrir breska þingið í júní 1973 er nefndist: „Fisheries Dispute between the United Kingdom and Iceland 14 July and May 1973“. Eins og nafnið ber með sér er sagan rakin, gerð grein fyrir mikilvægi fiskveiða við Ísland og fjallað um samningaviðræður og átök.

Ógetið er fjölda blaðgreina sem birtust í ýmsum fjölmiðlum á meginlandi Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada sem sendiráðin fylgdust vel með. Bandaríska stórblaðið Washington Post sýndi málinu áhuga með birtingu greinar þann 3. júní 1973, þar sem Bernard Nossiter, London Correspondent Washington Post birti grein undir fyrirsögninni: „Cod Threat to NATO“. Blaðið birti síðan í kjölfarið þann 8. júní grein blaðamanns Guardian, Martin Wollacot, sem birtst hafði í Guardian og nefndist: „A fight for independence“.

Kanadísku þingmennirnir, Walter Carter, James McGrath, John Lundrigan og Jack Marshall óskuðu eftir að koma í heimsókn til Íslands til að kynna sér málstað Íslands og varð orðið við beiðni þeirra. Stóð heimsókn þeirra dagana 18.–20. júní og var skipulögð af utanríkisráðuneytinu. Þingmennirnir áttu viðtöl við forsætisráðherra, utanríkisráðherra og sjávarútvegsráðherra auk þess að ræða við ýmsa embættismenn og vísindamenn. Jafnframt heimsóttu þeir Alþingi og áttu viðræður við alþingismenn. Fulltrúar kanadískra sjómanna sem jafnframt höfðu óskað eftir að taka þátt í ferðinni komust ekki, en óskuðu eftir því að íslenskir sjómenn sendu þeim kynningarefni í myndum og máli.

Stórblaðið New York Times birti einnig 3. júní grein Robert Alden, fréttaritari blaðsins hjá Sameinuðu þjóðunum er nefndist: „Cod War: High Seas fishing is no Sport“. Greinin var að hluta til byggð á upplýsingum fengnum frá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, sem vann ötullega að kynningu málsins meðal aðildarþjóðanna, en jafnframt í gegnum aðalræðisskrifstofuna að upplýsingagjöf til fjölmiðla í New York. Þannig birtist m.a. löng og mjög vinsamleg grein í fréttablaði Sameinuðu þjóðanna í maí-júní 1973, Delegates World Bulletin. Gunnar G. Schram er gegndi störfum í fastanefndinni og var jafnframt ræðismaður, skýrði frá því að greinin væri nafnlaus, en væri rituð af blaða- og fréttastofu í Sri Lanka sem fastanefndin hefði náði samband við. Blaðafulltrúi bresku fastanefndarinnar birti svargrein þann 18. júní. Gunnar G. Schram, svaraði síðan í næstu útgáfu ritsins ýmsum rangfærslum og villum sem komu fram í svari breska blaðafulltrúans. Gunnar byrjaði grein sína með tilvitnun í Woodis „Gott Strafe Iceland“, London 1972:

„O, land of Nelson, Frobisher and Drake
Stand by your trawlermen for freedoms sake,
Unite beneath the crossbones and the skull
Against a foe two-thirds the size of Hull“

Sverrir Haukur Gunnlaugsson í sendiráðiðinu í París skýrði frá því í bréfi 13. júní 1973 að nýafstaðin forsetaheimsókn hafi aukið mjög allan fréttáflutning af landhelgismálinu. Segir m.a. í bréfinu: „Frönsku sjónvarpsstöðvarnar hafa gert málinu ágæt skil og grunntónninn verið mjög vinsamlegur í garð Íslendinga. Undanfarna tíu daga hafa verið sýndir a.m.k. tveir langir fréttapættir, þar sem málstaður Íslands hefur verið rækilega kynntur en frekar lítið gert úr málstað Breta. Sendiráðið óskar að vekja sérstaklega athygli ráðuneytisins á tveimur greinarflokkum sem birzt hafa að undanfögnu. Hinn fyrri birtist í Le Monde 29. 30. og 31. maí og var eftir Maurice Denuziers. Hinn síðari eftir Phillippe Sassier birtist í Le Figaro 9. og 13. júní undir fyrirsögninni „Þorskastríðið – Ísland berst fyrir tilveru sinni“.

Sendiráðið greindi jafnframt frá því í bréfi 28. maí 1973 að forsíðuleiðari eftir Pierre Kerlouegan hafi birst í stórblaðinu Le Figaro undir fyrirsögninni „Les Atouts de l'Islande“, sem þýða mætti sem trompspil Íslands. Leiðarinn sé vinsamlegur og sagt sé að innan skamms muni Íslendingar sigra í þorskastríðinu. Franska tímaritið La Pêche Maritime birti síðan í október grein þar sem málið var skýrt og vitnað til orða forsætisráðherra „Við munum aldrei gefa eftir!“ Tímaritið birti einnig leiðara þar sem hvatt var til skynsamlegrar lausnar í málinu.

Hér að framan hafa verið raktir nokkrir þeirra þátta sem lutu að kynningu á málstað Íslands við útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur. Veigamesta kynning á málstað okkar á alþjóðavettvangi fyrir erlendum stjórnvöldum átti sér stað á löngum tíma á Genfarráðstefnunum og vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hluttur utanríkisþjónustu okkar var ómetanlegur auk ötuls starfs sérstaks blaðafulltrúa forsætisráðuneytisins. Sendiherrar okkar komu fram á ótal fundum, útvarps- og sjónvarpsviðtölum auk viðræðna við stjórnvöld í þeim ríkjum þar sem þeir voru fulltrúar landsins. Fyrirgreiðsla við blaðamenn setti sinn svip á allt starf sendiráðanna að ógleymdum hlut ræðismanna sem margir stóðu sig vel í kynningu á málstað okkar. Þá eru ótaldir þeir sem stóðu að stefnumörkun okkar, ráðherrar, þingmenn og fjölmargir embættismenn og vísindamenn. Vettvangurinn var margvíslegur, allt frá einkasamtölum til umræðu innan fjölþjóðasamtaka, s.s. Atlantshafsbandalagsins - NATO, Evrópuráðsins og OECD. Öll þjóðin stóð saman og einhugur ríkti á Íslandi um þetta stóra lífshagsmuna- og sjálfstæðismál.

Sigur vannst. Samkomulag náðist við Breta í nóvember 1973. Ekki kom til stjórnmalaslita eins og mjög hafði verið rætt um né uppsagnar varnarsamningsins við Bandaríkin. Árið var ekki líðið er ríkisstjórnin lagði fram frumvarp um breytingu á lögnum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948. Stefnan var sett á 200 mílur.

200 mílur

Í fréttatilkynningu upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í júlí 1974 sagði: „Samkvæmt samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna er það hlutverk þriðju hafréttarráðstefnunnar að „setja réttarreglur um allt er snertir heimshöfin“. Þess vegna er það ekki aðeins hlutverk þeirra, sem ráðstefnuna sitja að skapa nýjar þjóðréttarreglur, heldur einnig að koma á fót nýrri alþjóðlegri stofnun, sem sjá skal um að þessum reglum sé framfylgt og sem jafna skal ágreining, er rísa kann milli einstakra ríkja vegna túlkunar á þessum reglum“. Þegar ráðstefnan hófst 20. júní 1974 var fimm ára starf að baki og skýrsla sem lá fyrir frá nefndinni var um eitt þúsund blaðsíður. Ráðstefnunni voru ætlaðar tíu vikur til að ljúka störfum og síðan að halda einn fund á árinu 1975. Sá fundur var síðan boðaður í Genf dagana 17. mars - 10. maí. Rúmlega fimm þúsund áheyrnarfulltrúar frá 150 löndum voru skráðir á ráðstefnuna. Verkefnið var risavaxið og þótt við Íslendingar værum í fararbroddi töldum við okkur ekki geta beðið niðurstöðu ráðstefnunnar.

Ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar tók við völdum 28. ágúst 1974 og í stefnuyfirlýsingu hennar var kveðið á um að hún myndi fylgja fram ályktun Alþingis frá 15. febrúar 1972 um útfærslu landhelginnar í 200 mílur. Jafnframt væri stefnt að því að færa fiskveiðilögsöguna út í 200 mílur á árinu 1975 og hefja undirbúning þeirrar útfærslu. Áhersla yrði lögð á nauðsynlega friðun fiskimiða og fiskstofna með skynsamlega nýtingu veiðisvæða fyrir augum. Með reglugerð nr. 299 var síðan fiskveiðilögsaga Íslands færð út í 200 sjómílur frá og með 15. október 1975.

Í ávarpi Geirs Hallgrímssonar forsætisráðherra voru m.a. þessi hvatningarorð: „Annaðhvort munum við semja til sigurs, eða það verður hlutskipti okkar að berjast til sigurs“.

Stuðningur við 200 mílna lögsögu hafði aukist mjög á alþjóðavettvangi en þess var vænst að útfærslunni yrði mótmælt af Bretum og fleirum. Samningur sem gerður hafði verið við Breta um veiðar þeirra gildi til 13. nóvember 1975. Ekki náðist samkomulag við Breta, en samningar við Vestur-Þjóðverja, Belga, Norðmenn og Færeyinga náðust fljótlega. Aðeins um sólarhring eftir að lögin tóku gildi klippti varðskip á togvíra bresks togara. Bretar brugðust sem fyrr hart við og sendu þann 19. nóvember skip til varnar togurunum. Þriðji viðræðufundur með Bretum sem haldinn var í Reykjavík um miðjan nóvember varð árangurslaus. Bretar gerðu kröfu um 110 þúsund tonna afla en Íslendingar lögðu fram hugmynd um 65 þúsund tonna afla. Á ný kom til átaka á hafinu við dráttarbáta og herskip og Bretar sendu Nimrod flugvélar sínar á ný til að fylgjast með ferðum varðskipanna. Breski þingmaðurinn fyrir austurhluta Hull og síðar varaforsetisráðherra Bretlands, John Prescott, gagnrýndi síðar bresku ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki samþykkt tilboð Íslendinga.

Ýmsar viðræður fóru fram af hálfu ráðherra og starfsmanna utanríkisþjónustunnar við erlendar ríkisstjórnir og ekki síst innan vébanda ríkja Atlantshafsbandalagsins þar sem Tómas Á. Tómasson gengdi embætti fastafulltrúa. Meðal málflutnings á erlendum vettvangi má geta ræðu Benedikts Gröndals alþingismanns á ráðherrafundi NATO í Kaupmannahöfn 21.–26. september 1975 og ræðu Einars Ágústssonar utanríkisráðherra á fundi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þann 29. september.

Íslendingar létu ekki þar við sitja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna því þann 11. desember 1975 var ritað bréf á bréfsefni Sameinuðu þjóðanna til forseta Öryggisráðsins. Í bréfinu er skýrt frá því, að í þriðja sinn á 17 árum séu bresk herskip ólöglega að verja breska togara við ólöglegar veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu. Sagan er rakin í bréfinu og ástæður útfærslna okkar. Skýrt er frá því, að á síðastliðnum tíu árum hafi afli íslenskra fiskiskipa verið 200–300 þúsund tonn af þorski og Breta á milli 100–150 þúsund tonn. Íslendingar hafi boðið Bretum að veiða 65000 tonn. Í bréfinu er síðan vísað til ályktunar Sameinuðu þjóðanna nr. 1803 (XVII) og 2625 (XXV), en einkum til ályktunar nr. 3016 (XXVII), þar sem segir að hún sé „aimed at coercing other states engaged, inter alia, in the exercise of their sovereign rights over their natural resources, both on land and in their coastal waters, are in violation of the Charter“. Jafnframt sé um að ræða „a clear breach of the provisions of resolution 3332 (XXIX), accepted on 17 December 1974 by an overwhelming majority of the General Assembly, where it is stated, inter alia, that The General Assembly reaffirms that any measure of pressure directed against any State while exercising its sovereign right freely to dispose of its natural resources constitutes a flagrant violation of the right of self-determination of peoples and the principle of non-intervention, as set forth in the Charter, which if pursued could constitute a threat to international peace and security“.

Ríkisstjórn Íslands segir síðan í bréfinu að hún áskilji sér að taka þessa „armed aggression“ breskra herskipa í íslensku fiskveiðilögsögunni formlega upp í Öryggisráði Sameinuðu

þjóðanna sem leiða eigi til „appropriate action“ Öryggisráðsins. Síðan var óskað eftir því að bréfinu væri dreift til allra fulltrúa er eiga sæti í ráðinu. Bréf þetta var ekki eina dæmið um skírskotun til Öryggisráðsins því Haraldur Kröyer, fastafulltrúi Íslands, hafði ritað bréf á meðan á deilunni um 50 mílna útfærsluna stóð þar sem notað var svo sterkt orðalag sem „invasion og blatant infringement“.

Áhugi fjölmiðla á 200 mílna útfærslunni var meiri enn nokkru sinni fyrr. Fjölmargin fréttamenn dvöldu langdvölum á Íslandi og bresku sjónvarpsstöðvarnar BBC og ITV birtu sem fyrstu fréttir kvöld eftir kvöld í aðalfréttatíma sínum fréttir frá Íslandi, átökum á sjó ásamt viðtölum við stjórnáamenn og yfirmenn sjóhersins og hagsmunaaðila togaraeigenda. Í sjónvarpsviðtali þann 10. maí 1974 við Austin Laing, framkvæmdastjóra British Trawlers Federation, lét hann þau ummæli falla er hann var spurður hvort samtökin væru hlynnt 200 mílna lögsögu, að breskum útgerðarmönnum væri sama þótt Íslendingar ákvæðu allt að 1000 mílna lögsögu því fiskur er Bretar veiddu væri hvort sem er allur innan 50 mílna markanna.

Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur fór sem fyrr fyrir málstað Íslands á hafréttarráðstefnunni og ráðherrar, utanríkisþjónustan, þingmenn, vísindamenn, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar stóðu sem fyrr að kynningu á málstað Íslands með sama hætti og í 50 mílna deilunni.

Það má hafa til marks um það álit sem Hans naut á alþjóðavettvangi það sem kemur fram í bréfi Haraldar Kröyer fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum þann 18. janúar 1975. Haraldur skýrir þar frá einkaviðtali sem hann átti við varafastafulltrúa Bandaríkjanna á hafréttarráðstefnunni, John Morton Moore. Moore lýsti „sérstakri ánægju sendinefndar Bandaríkjanna á ráðstefnunni yfir þeirri ágætu samvinnu sem sendinefndin hefði átt við sendinefnd Íslands og þá einkum formann hennar Hans G. Andersen sendiherra. Það væri engum blöðum um það að fletta að að sjónarmið Bandaríkjanna og Íslands varðandi víðáttu efnahagslögsögunnar færu mjög saman. Bandaríkin hefðu mjög sterka samúð með málstað Íslands og vildu styðja hann eftir bestu getu. Sjálf vildu Bandaríkin stefna að samningi um 200 mílna mörk efnahagslögsögu sem veitti strandríki forréttindi til veiða á strandfiskum, (coastal species), en þó með einhverjum ákvæðum um fulla nýtingu fiskstofna og kvaðir strandríkja gagnvart öðrum, ef strandríki nýtti ekki stofnana að fullu. Moore kvað bandarísku sendinefndina vænta áframhaldandi góðrar samvinnu við sendinefnd Íslands. Formaður hennar hefði unnið sérstaklega þarft starf með viðræðum og samvinnu við sendinefndir frá ýmsum ríkjahópum. Hefði náðið og gott samstarf formanns íslensku sendinefndarinnar við ýmsar sendinefndir reynst heilladrjúgt í því efni. Kvaðst hann vilja koma á framfæri þakklætisvotti sendinefndar sinnar í garð Íslands fyrir það gagnlega hlutverk sem Ísland hefði unnið“.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þessi skilaboð og þau eru nær örugglega ákveðin af æðra stjórnvaldi.

Þau kynningarrit sem nú voru gefin út af ríkisstjórninni voru færri en í 50 mílna deilunni. Höfuðritið var útgáfa utanríkisráðuneytisins á „The Fishery Limits off Iceland 200 Nautical Miles“, sem skrifað var af Hans G. Andersen. Það var gefið út í janúar 1975 og endurútgefið í styttra formi með sama nafni í október 1975. Þessi rit voru prentuð á vandaðan pappír og var fyrri ritið 68 blaðsíður og það seinna öllu minna eða 48 blaðsíður. Jafnframt gaf ráðuneytið út fimm síðna fjölrítað upplýsingaefni sem gefið var sama nafn og hinar veglegri útgáfur. Fyrirlestur sem Hans hafði haldið á ensku sem formaður sendinefndar Íslands á þriðju hafréttarráðstefnunni fyrir þátttakendur á norrænu laganemamóti í Reykjavík í júní 1974 var sérprentaður úr Ulfljóti, tímariti laganema og nýttist jafnframt mjög vel til dreifingar. Heiti fyrirlestursins var: „The


Icelandic Fishery Limits and the Concept of the Exclusive Economic Zone“. Sérprentun þessi er upp á 18 blaðsíður. Fyrirlestur Hans er einstaklega góð greinargerð um þróun fiskveiðilögsögu og hafréttarmála.

Útanríkisráðuneytið gaf þann 9. apríl út tíu síðna fjölrítaða samantekt Mikæls Magnússonar, fréttaritari BBC á Íslandi er nefndist: „The development of the fishery dispute between Iceland and Great Britain since 25 November 1975“. Fyrirsögn efnisyfirlitsins er: „Fishery Limits – The background to Iceland’s case“. Samantekt þessi var á ensku og ætluð fréttastofu og fréttamönnum BBC, en var dreift til sendiráðanna og ræðismanna. Sendiráðunum hafði að sjálfsögðu verið gerð grein fyrir stöðu mála á hafréttarráðstefnunni með greinargerð Hans G. Andersen í desember 1974.

Fyrirnefndu ritin innihéldu yfirlit miklar upplýsingar sem voru vel fallnar til að sannfæra þá sem kynntu sér þær um réttmæti og nauðsyn útfærslu auðlindalögsögu okkar. Sendiráðin gáfu einnig út ýmsar fjölrítaðar upplýsingar til kynningar. Nefna má útgáfur sendiráðanna í London, Bonn og París þar sem sex vérlítaðar síður kölluðust: „The need for conservation of the the fish stocks around Iceland“. Sendiráðið í London gaf einnig út 1. ágúst 1975 endurskoðaða fjögurra síðna greinargerð: „Iceland extends its fishing limits – Why?“

Útgáfa sjávarútvegsráðuneytisins í desember 1975 var afar hentugt til dreifingar. Það nefndist: „Cod War III between Iceland and Great Britain – The Status of the fishstocks in Icelandic Waters“.

Í ritinu var sagt frá útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 12 og 50 mílur og skýrt frá ástandi fiskstofna á Íslandsmiðum og birtar töflur um útflutning og aflatölur. Matthías Bjarnason sjávarútvegsráðherra var öflugur talsmaður ríkisstjórnarinnar og var 14 síðna ræða hans frá blaðamannafundi 15. júlí notuð til að kynna málstað okkar. Matthías ritaði síðar bók sem gefin var út af sjávarútvegsráðuneytinu og nefndist: Landgrunnslögin 1948 – 1978. Tilefni útgáfunnar var að liðin voru 30 ár frá setningu laganna sem kváðu á um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins.



Borgþór Kjærnested sem fluttist heim til Íslands frá Finnlandi 1975 lét ekki sitt eftir liggja við kynningu á málstað Íslands í 200 mílna deilunni frekar en 50 mílna deilunni. Við heimkomuna gerðist hann fréttamaður finnska útvarpsins og sjónvarpsins og fór á ný í fyrirlestrarferðir til Finnlands. Ásamt Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni réðist Borgþór í útgáfu á 32 síðna kynningarriti sem nefndist „200 miles“ er hafði að geyma viðtöl við ýmsa aðila á sviði útgerðar, fiskverkunar, landhelgisgæslu, vísindamenn og forystufólk í launþega- og atvinnurekendasmátökum. Ritinu var m.a. dreift hjá Sameinuðu þjóðunum.

Þá ber að nefna hið mikla starf Péturs Guðjónssonar kaupsýslumanns, en hann var á sínum tíma mjög virkur í umræðu um sjávarútvegs mál og útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 og 200 mílur. Pétur átti til að mynda hugmyndina um að nota skuttogarann Baldur til gæslustarfa sem reyndist heilladrjúgt. Pétur var afar virkur í ræðu og riti, setti mál sitt skýrt fram og var einstaklega góður enskumaður. Kynningarstarf hans, bæði heima og erlendis var málstað okkar mikill styrkur.



Um framtak einstaklinga og félagasamtaka til kynningar á málstað Íslands er m.a. að finna í skjalasafni utanríkisráðuneytisins þakkarbréf Þórðar Einarssonar forstöðumanns upplýsinga- og menningarmáladeildar ráðuneytisins. Í bréfinu sem er dagsett 13. apríl 1976 þakkar Þórður Gissuri O. Erlingssyni umdæmisstjóra Rotary á Íslandi ágætt framtak og aðstoð við dreifingu upplýsingaefnis um fiskveiðideiluna og landhelgismálið til málsmetandi manna innan Rotaryhreyfingarinnar víðsvegar um heim. Þórður segir slíkt framtak vel þegið og enginn vafi geti leikið um gagnsemi þess.

Sighvatur Björgvinsson sendi utanríkisráðuneytinu fyrir hönd Alþýðuflokksins ljósrít af bréfi formanns, varaformanns og ritara flokksins, þeirra Gylfa Þ. Gíslasonar, Benedikts Gröndal og Eggerts G. Þorsteinssonar til Harold Wilson forsætisráðherra Bretlands. Jafnframt var öllum þingmönnum Verkamannaflokksins sent bréfið og greinargerðin er fylgdi því.

Í skrifum sem birtust í breskum blöðum fóru að birtast greinar sem fjölluðu með öðrum hætti en áður um verndun fiskstofna og nauðsyn aðgerða gegn ofveiði. Slíkar greinar voru að sjálfsögðu kærkomnar. Nefna má grein velmetins blaðamanns hjá The Guardian, David Fairhill, sem var einn þeirra bresku blaðamanna sem ávallt hafði sýnt málstað Íslands góðan skilning í 50 mílna deilunni. Fairhill birti þann 29. janúar 1975 mjög fróðlega grein um framtíðarfiskveiðitakmörk og fiskveiðistefnu Evrópuríkja.

Þann 20. nóvember 1975 ritaði Niels P. Sigurðsson sendiherra í London svohljóðand bréf til utanríkisráðuneytisins: „Undanfarna daga hefur verið skrifað í breskum blöðum óhemjumikið um landhelgismálið og útfærslu fiskveiðitakmarkanna í 200 mílur.

Auk þess hefur málið verið mjög ofarlega á baugi í öllum fréttauðsendingum sjónvarps og útvarps hér í Bretlandi.

Hefur sendiráðið reynt að anna fyrirspurnum eftir bestu getu, en auk þess hafa bæði sendiherra og fyrsti sendiráðsritari tekið þátt í sjónvarpsviðtölum og fréttapáttum í ýmsum útvarpsstöðvum, aðallega hjá BBC.

Hjálagt fylgja blaðaummæli en sendiráðið sér ekki ástæðu til að rekja þau sérstaklega. Hinsvegar er rétt að benda á, að flestöll blöð í Bretlandi, sem skipta máli, hafa skrifað leiðara vegna þess að slitnað hafði upp úr viðræðum milli Breta og Íslendinga.

Ýmsir af þessum leiðurum eru vinsamlegir í okkar garð, sérstaklega í Guardian sem virðist hafa góðan skilning á málstað okkar. Eðlilega eru ýmsar blaðgreinar harðorðar í okkar garð, þótt hinsvegar komi hvergi fram beinlínis óskir um nýtt þorskastríð, má lesa það á milli línanna, að við því er fastlega búist að breska stjórnin veiti breskum togurum á Íslandsmiðum herskipavernd.“

Átökin á miðunum höfðu farið harðnandi er The Times segir m.a. í leiðara sínum 6. febrúar: „However badly the Icelanders behave or however impeccable the case that the British can state in law, the tide is bringing most gains to Iceland. The 200 mile limit is now admitted in advance of its international adoption. The argument for conservation is not disputed though Britain might have come better to accept the arguments for economic loss and increased unemployment may stare Fleetwood, Hull and Grimsby in the face but seen from Iceland they are not so compelling as Iceland's economic balance sheet. So too are the arguments of political powers. Mr. Hallgrímsson has more to lose by his concessions than Mr. Wilson has with any he chooses to make“.

Niels P. Sigurðsson sendiherra ritar síðan ráðuneytinu bréf dags. 15. desember 1975 og segir að hann hafi í fyrri viku átt viðtal við Gordon Leak fréttaritari News of the World sem birst hafi í sunnudagsblaðinu 14. desember. Blaðið sé gefið út í fjórum og hálfri milljón eintaka og talið sé að 15 milljónir manna lesi blaðið. Sama dag hafi Sunday Mirror

birt harðorða grein í garð Breta eftir Woodrow Wyatt. Talið sé að 15 milljónir lesi blaðið. Einnig kemur fram að Guardian segi nákvæmlega frá umræðum í breska þinginu um atburði á hafinu þegar þrjú dráttarbátar veittust að varðskipinu Þór í mynni Seyðisfjarðar innan við tvær sjómílar frá landi. Segir Niels að John Prescott, þingmaður fyrir austurhluta Hull hafi verið algjörlega á okkar máli og lagt hart að bresku ríkisstjórninni að hætta ekki einu mannlífi fyrir 30 þúsund tonn af fiski. Donald Stuart, þingmaður skoska þjóðarflokksins studdi málflutning Prescott.

Við frásögn af fréttáflutningi þessa daga má bæta því við að Niels P. Sigurðsson fékk birta grein eftir sig í The Times 12. desember undir fyrirsögninni „Britain must realize what cod means to Iceland“.

Ljóst var af fleiri leiðaraskrifum að breskir fjölmiðlar voru vaknaðir til vitundar. Daginn fyrir leiðara The Times birti Daily Telegraph eftirfarandi leiðara undir fyrirsögninni: „Wilson's Futile War“.

„Conservative and labour governments have each had the experience of conducting cod wars with Britain's NATO ally, Iceland. After the last one Mr. Heath's government reached an agreement, on quite favourable terms, but due to expire in two years which it duly did last December. Nothing at all seems to have been done in the intervening period to prepare for what might follow. Now we are in it again, with the trawlers advised by bosuns Wilson and Callaghan to resume fishing as from midnight last night, and the navy ordered by admirals Wilson and Callaghan to intervene „automatically“ if there is renewed harassment, (which there will be), the stage is again set for trouble. Is it really the case that only an incident involving loss of lives can now bring sense to bear?“

It may not be widely realised that the government has been carrying on a two-pronged action over the past few weeks. On one hand it has been squaring up bravely to Icelandic gunboats which are trying to enforce a 200-mile Icelandic limit. On the other, it has been working flat out to agree terms within the EEC under which Britain will herself enforce a 200-mile „economic zone“ concept, which would then become international law, probably within months. Is there not something wrong here, in terms of sense, whatever the legalities?“

The law of the sea conference reassembles next month and is generally expected to adopt 200-mile „economic zone“ concept, which would then become international law, conceivably as early as May. Even if it does not, many countries, including the United States, Canada and Norway, will go ahead anyhow, and Britain would inevitably follow suit. So far as the EEC is concerned, Britain is fighting to get a 100-mile fishing limit within the 200-mile „economic zone“, accepted by her Brussels partners. The fight with Iceland is threatening to disrupt NATO, and daily making more likely the return of the communists to the government. Our overall strategy needs scrutiny“.

Efni þessa leiðara var samdægurs sent til utanríkisráðuneytisins með ósk um að leiðarinn yrði sendur til forsætisráðherra.

Þann 9. febrúar fjölluðu bresku blöðin um áhyggjur NATO-landanna vegna fiskveiðilögsögunnar og viðræður Dr. Joseph Luns framkvæmdastjóra NATO við Dr. Henry Kissinger í New York þann dag. Jafnframt var skýrt frá óþreyju norskra stjórnvalda vegna tafa á viðræðum við Breta sem Jens Evensen þjóðréttarfræðingur kallaði „delaying tactics“. Bretar voru sagðir veiða 98 þúsund tonn af þorski við Norður-Noreg og fjöldi breskra, hollenskra og belgískra togara væru að veiðum innan 12 mílna lögsögu Færeyja.

Daily Telegraph birti sama dag langa grein um framtíð breskrar togaraútgerðar þar sem bent var á að þörf væri á endurnýjun skipa og aukinni tækni, en fyrst og fremst væri þörf

fyrir stefnumörkun í fiskveiðum. Litlu sé varið til rannsókna eða sem nemur 2,9 milljónum sterlingspunda árlega sem jafngildi kostnaði við bílskúrsbyggingu Whitehall. Vísindamenn bendi á stórkostlega möguleika í fiskrækt sem næmi 50 milljónum sterlingspunda á ári í tekjur. Breskur togari er sagður hafa veitt 40 tonn af kolmunna á níu mínútum og kallar blaðið kolmunnann, „mini-cod“. Mögulega megi veiða 1 milljón tonna árlega af kolmunna. Blaðið lýsir síðan rýrnun breska togaraflotans og endar greinin á eftirfarandi málsgrein: „A port by port summary by the Federation shows that last year the trawling fleet at Grimsby was cut from 109 to 81, at Hull from 92 to 69, Aberdeen from 108 to 89, Granton from 19 to 6, Fleetwood from 42 to 37, Lowestoft from 70 to 61 and North Shields from 7 to 5. This does not include trawlers transferred to ferrying supplies to North Sea oil rigs or temporarily laid-up.“

Þessar tölur sýna líka hversu geysilegur ágangur var á fiskstofna í Norður-Atlantshafi og þá ekki síst á Íslandsmiðum.

Sendiráðið í London sendi utanríkisráðuneytinu á sama tíma upplýsingar um fjölda freigáta í eigu Breta. Voru 50 freigátur sagðar vera í notkun og 10 væru hafðar til vara. Til samanburðar áttu Bretar 52 freigátur virkar árið 1957 og 110 til vara.

Breskur fréttaritari Press Association, Bob Hutchinson gerði úttekt á herskipaflota Breta um svipað leyti og tjáði sendiráðinu að hann væri þeirrar skoðunar að Bretar væru í mjög miklum vandræðum með að halda úti freigátum sínum á Íslandsmiðum vegna nauðsynlegs viðhalds og viðgerða.

Þórður Einarsson, upplýsinga- og menningarfulltrúi utanríkisráðuneytisins lét fréttamönnum Kastljóss Ríkisútvarpsins í té frásögn til að styðjast við í umfjöllun 19. desember 1975.

Þórður segir svo frá: „1. Erlendir fréttamenn: Mér telst til að um 120 erlendir fréttamenn hafi á þessu ári notið fyrirgreiðslu utanríkisráðuneytisins. Mjög mikill hluti af tíma blaðafulltrúa hefur farið í að sinna þessum erlendu fréttamönnum. Auk þess er blaðafulltrúa gert að sinna ýmsum öðrum störfum. Undanfarnar 5-6 vikur hefur verið efnt til að minnsta kosti 4 blaðamannafunda utanríkisráðherra með erlendum fréttamönnum og forsætisráðherra hefur á sama tíma haft 3 fundi með erlendum fréttamönnum. Auk þess hafa ráðherrarnir veitt allstórum fjölda erlendra fréttamanna sérstök viðtöl. Að afloknum samningafundum, t.d. í Ráðherrabústaðnum, hafa fréttamenn, innlendir og erlendir, fengið að ná tali af ráðherrunum og samninganefndarmönnum.“

Erlendir fréttamenn hafa fengið frá upphafi að fara í gæsluflug á vegum Landhelgisgæslunnar og sömuleiðis innlendir og nú er sem sagt búið að samþykkja að fréttamenn fái að fara út með varðskipunum og fagna ég því auðvitað. Allir erlendir fréttamenn, sem hafa snúið sér til utanríkisráðuneytisins, hafa fengið margvíslegt upplýsingaefni á erlendum málum, (ræður og yfirlýsingar ráðherranna, skýrslur fiskifræðinganna, íslensku og bresku, o.s.frv.). Sérstök áhersla hefur verið lögð á þjónustu við erlenda fréttamenn af hálfu ráðuneytisins.


2. Miðlun fréttu af atburðum á miðunum: Þar erum við í kapphlaupi við tímann og samkeppni við mjög fullkomið og fljótvirkt fjarskiptakerfi, sem Bretar hafa í sinni þjónustu t.d. – að verulegu leyti sjálfvirkt og tölvustýrt. Í flýtinum er fólgin viss hætta á að frásögn af atburðum verði ekki alveg nógu nákvæm og haldgóð. Menntu eru oft hrifnir af spenningi augnabliksins. Fyrsta skylda ráðuneytisins er auðvitað við íslensku sendiráðin erlendis og er mjög mikilvægt að þeim berist fljótt í hendur traustar upplýsingar af atburðunum.

3. Upplýsingaefni: Fyrir utan fjölritað efni hafa sendiráðin dreift yfirlýsingum um fiskveiðimálið hvert um sig á ýmsum tungumálum; utanríkisráðuneytið hefur gefið út 48 síðna rit (hvít bók), og nú er sjávarútvegsráðuneytið með rit í prentun, þar sem eru m.a. skýrslur fiskifræðinganna. Ýmislegt annað upplýsingaefni er þeim einnig látið í té, og útveguð viðtöl við menn“.

Í fjórða kafla frásagnarinnar gerir Þórður síðan grein fyrir öðrum skyldustörfum sínum og kemur þar fram að upplýsingaeildin sé mjög faliðuð.

Allir íslenskir fjölmiðlar fjölluðu nær daglega um málið og gaf Morgunblaðið út sérblað þann 19. október auk þess sem viðtæk umfjöllun birtist í Tímanum sama dag.

Átök á miðunum fóru harðnandi og ríkisstjórn Íslands sleit stjórnmalasambandi við Bretland þann 19. febrúar 1976. Sama dag sendi Einar Ágústsson öllum utanríkisráðherrum NATO-landanna sjö síðna skæti og voru lokaorð þess: „Íslenska ríkisstjórnin telur ekki fært að halda stjórnmalasambandi við land sem beitir íslensku þjóðina þvingunum með hervaldi og verður því þetta samband rofið“. Slit stjórnmalasambandsins var að sjálfsögðu stórfrétt hjá breskum fjölmiðlum. Norðmenn tóku að sér íslenska hagsmunagæslu í Bretlandi og Frakkar tóku að sér að gæta hagsmuna Breta á Íslandi.



Sendiráðið sem nú nefndist Norwegian Embassy – Icelandic Interests Section sendi eftirfarandi telexskæti til utanríkisráðuneytisins: „Öll Lundúnablöðin flytja í dag fréttir af landhelgismálinu og er miklu rúmi varið til þess í flestum þeirra. Daily Express hefir eftir NATO-official „This will have incalculable repercussions on the whole defence set-up. It is a precedent which could splinter the Alliance“.

Daily Mirror hefur eftir Foreign Office, að Ísland „has once more escalated the dispute between the two countries and cut off the principal channel of communication through which a solution could be found“. Ríkisstjórnin er sögð lömuð af verkfallinu og „so shaky is the government’s position that to concede even a few tons of fish to Britain could have resulted in its downfall.“

Daily Telegraph rekur ítarlega umræður í breska þinginu í gærdag, fjallar um atburði gærdagsins og hefur eftir Foreign Office: „Britain recognised Iceland’s dependence on fishing. It is equally important that Iceland should recognise established international law and that partners and allies should resolve their disputes by negotiation rather than by arbitrary action“.

Guardian talar um „intensive diplomatic pressure behind the scenes on Wilson and Hallgrímsson, especially from Ford and Kissinger“ og um hættu á falli ríkisstjórnar Íslands. Haft er eftir „military resources“ í NATO að stefna bresku stjórnarinnar sé „foolhardy and short-sighted“, og talað er um „ill disguised irritation among some NATO countries with Callaghan’s decision to resume naval patrols“. Sagt er frá höfnun Efnahagsbandalagsins á 100 mílna sérsvæði fyrir Breta.

Times flytur hlutlausu frásögn af stjórn málaslitunum og ummælum Foreign Office og Geirs Hallgrímssonar auk frásagnar af slysi á sjómanni. Times flytur einnig hálf síðugrein um umræður í breska þinginu í gærðag um mörkun fiskveiðistefnu Bretlands.

Daily Mail segir: “How gunboats victim came near to death“ og fjallar um stjórn málaslitin og segir íslensku ríkisstjórnina hafa verið of veika til að geta gert samkomulag um fiskveiðar Breta.

The Times flytur fréttir af umræðum breska þingsins og stjórn málaslitunum. Haft er eftir Fred Peart sjávarútvegsráðherra í pressunni að Bretar séu tilbúnir til viðræðna hvar og hvenær sem er og Íslendingum sé meira um að kenna en Bretum ef fiskstofnum sé stefnt í voða.

Það þarf ekki að orðlengja um skrif og umfjöllun íslensku fjölmiðlanna um stjórn málaslitin. Morgunblaðið birti fyrirsögn á forsíðu: “Stjórn málasambandi slitið í gær” og undirfyrirsögn um skyndifund hjá NATO. Haft var eftir Einari Ágústssyni að þetta myndi torvelða samninga við Breta. Vísir hafði eftir Helga Ágústssyni sendiráðsritara í London að honum myndist það kaldhæðnislegt, að þegar Daily Telegraph flytti fréttir á forsíðu um stjórn málaslitin skuli blaðið skýra frá því að breski fiskiðnaðurinn heimti nú mjög ákveðið 200 mílur fyrir Bretland.

The Economist brá á leik 21. febrúar og birti undir fyrirsögninni „No more coddling“ „Better make a deal with Mr. Hallgrímsson, even though it will look like a bad deal than end up without it or him“. Undirfyrirsögn tímaritsins var “Too costly – too dangerous.“ Var breska ríkisstjórnin hvött til að adhyllast 200 mílna lögsögu og hefjast handa um að tryggja Bretum 100 mílna lögsögu innan Efnahagsbandalagsins auk þess að leggja áherslu á fiskrækt.

Economist fjallaði einnig um málið nokkru síðar eða 6. mars og sagði óumflýjanlegt að nýtt Evrópuþorskastríð væri hafið innan Efnahagsbandalagsins. Ljóst væri að hafréttarráðstefnan myndi samþykkja 200 mílna efnahagslögsögu og Efnahagsbandalagið neyddist til að fjalla um víðari lögsögu og setja sér fiskveiðistefnu. Morgunblaðið hafði birt fréttir af ósamkomulagi innan Efnahagsbandalagsins um 200 mílna lögsögu þann 31. janúar og á forsíðu þess 2. mars var ítrekað að ljóst væri að EBE væri klofið í afstöðu sinni til auðlindalögsögu bandalagsins og vitnaði til ummæla Callaghan forsætisráðherra um að hann væri þurrausinn.

Niels P. Sigurðsson sendiherra skýrði utanríkisráðuneytinu frá því í skeyti 23. janúar 1976 að hann hefði haldið hádegisverð í kveðjuskyni og boðið til hans 35 fréttamönnum. Hins vegar hafi 50 – 60 fréttamenn komið til hádegisverðarins.

Breskir og íslenskir blaðamenn höfðu fengið sérstakt leyfi til að vera um borð í íslensku varðskipunum og a.m.k. einn íslenskur blaðamaður hafði fengið að vera um borð í breskri freigátu. Bresku sjónvarpsstöðvarnar sem höfðu haft sjónvarpsmenn sína langdvölum á Íslandi nýttu sér þetta að sjálfsögðu. Það breytti til muna fréttum þeirra er Larry Harris aðalfréttamaður BBC sjónvarpsins og Norman Rees hjá ITV sendu myndir frá ásiglingum á miðunum. Vakti ein slík sjónvarpsfrétt sérstaka athygli og var sýnd margsinnis í sjónvarpsfréttum BBC.



Sendiráðið í London sendi ráðuneytinu í skeyti 24. febrúar leiðara Guardian: „Wanted: A net full of policies“. Í leiðaranum segir m.a. að engin bresk fiskveiðistefna sé til og Roy Hattersley verði að ná aftur fiski frá Efnahagsbandalaginu.

Íslensku ríkisstjórninni barst þann 26. febrúar fyrirspurn frá framkvæmdastjóra NATO þar sem óskað var álits um tillögu Breta innan NATO-ráðsins um að sérstakir fulltrúar NATO, (observers), yrðu staðsettir um borð í herskipum og dráttarbátum breska flotans og um borð í íslensku varðskipunum. Sú umsögn fylgdi að tillaga Breta hefði fengið afar neikvæðar viðtökur flestra aðildarríkja NATO. Íslenska ríkisstjórnin hafnaði þessu umsvifalaust og notaði enn á ný tækifærið til að fordæma innrás og framferði breskra herskipa, dráttarbáta og flugvéla innan íslenskrar lögsögu.

Prýstingur á Breta frá alþjóðasamfélaginu fór vaxandi og þar kom að Norðurlandaráð sendi frá sér afgerandi ályktun um stuðning við Íslendinga þann 28. febrúar. Skorað var á Breta að draga herskip sín þegar í stað út úr íslensku fiskveiðilögsögu og jafnframt var framferði Breta harðlega mótmælt. Geir Hallgrímsson lét svo ummælt að við hefðum ekki getað fengið sterkari yfirlýsingu frá forsætisnefndinni. Forsætisráðherra sagði rétt að geta þess, að ekki væri ætlast samkvæmt samþykktum ráðsins að það gefi yfirlýsingar um utanríkismál og því síður um deilur eins ríkis við ríki utan ráðsins.

Landkyrningartímariti Iceland Review, sem kom út fjórum sinnum á ári var dreift víða af utanríkisþjónustunni. Ritstjórar og eigendur þess voru Heimir Hannesson og Haraldur J. Hamar. Haraldur skrifaði Pétri J. Thorsteinssyni, sendiherra og fv. ráðuneytisstjóra hógvært bréf dags. 9. apríl 1976 þar sem hann tjáði Pétri að Iceland Review væri nú loksins farið að gera svoltið gagn og vitnaði í grein sem Richard F. Tómasson, Professor of Sociology við New Mexico-háskólann hafði ritað í tilefni af skrifum Iceland Review. Grein hans nefndist „Iceland' Survival and the Law of the Sea“.

Fastanefnd Íslands hjá EFTA skýrði utanríkisráðuneytinu frá því 25. janúar 1974, að George Young, upplýsingafulltrúi EFTA hafi ritað grein sem birtist í „Neue Züricher Zeitung“ þann 16. janúar er nefndist: „Günstige Perspektiven für Islands Fischereiwirtschaft“.

Af öðrum jákvæðum greinum er birtust um landhelgismálið á meginlandi Evrópu má geta fjögurra greina sem birtust í dagblaðinu „Lloyd Anversois“. Blaðið var á sviði útgerðar og sjóflutninga og kom út í 10 þúsund eintökum daglega. Höfundur greinanna var Roger Planchar, starfandi lögfræðingur í Antwerpen og jafnframt foringi í varaliði belgíska flotans.

Jón Olgeirsson vararæðismaður Íslands í Grimsby var mjög virkur og ötull baráttumaður fyrir Ísland. Jón stundaði umsvifamikil viðskipti með íslenskan fisk og var jafnan í nánu sambandi við sendiráðið. Hann birti stundum lesendabréf í breskum blöðum sem ollu miklu fjaðrafoki. Með einu slíku 1. mars 1976 fullyrti hann í svari við grein í Guardian, að miklu magni af smáfiski hafi verið landað í Grimsby í lok febrúar og fiskurinn hafi verið nýttur í fiskimjöl og dýrafóður. Foreign Office brást hart við og kallaði Olav Sole, varamann norska sendiherrans á teppið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fordæma rangfærslur Jóns. Jón gerði sendiráðinu grein fyrir þessu í bréfi þar sem kemur fram, að þann 27. febrúar hafi 12.840 stones, (stone jafngildir 6.35 kg.), af smáfiski, (codlings), ekki selst og hafi þessi fiskur farið í fiskimjöl, 2000 stones hafi verið söltuð og 330 stones hafi farið í dýrafóður. Er ekki að efa að Jón fór með rétt mál.

Bandarísku stórbliðin fylgdust sem fyrr með þorskastríðunum og þann 9. mars 1976 birtist grein eftir Geir Hallgrímsson, forsætisráðherra á ritstjórnaropnu Washington Post. Jafnframt birtist svargrein Roy Hattersley, varautanríkisráðherra Bretlands og myndir frá Íslandsmiðum.

Tveimur dögum síðar fjallaði New York Times um málið undir fyrirsögninni „Iceland Dispute: More than fish involved.“ Í greininni kom fram að sumir íslenskir ráðherrar vildu láta 3000 manna varnarlið fara frá Íslandi. Var haft eftir Einari Ágústssyni utanríkisráðherra að hann vildi að Ísland yrði áfram í NATO, en varnarliðið hyrfi á brott. Fjallað var um málið á málefnalegan hátt eins og segir: „widespread agreement that the North-Atlantic has been overfished and agreed too that if the fishing continues at current levels, the decline in fish stocks will be irreversible.“

Michael Killian sem sat í ritstjórn Chicago Tribune skrifaði sex greinar í fyrrihluta mars 1976 sem birtust í ritstjórnaropnu blaðsins og fleiri blaða. Meðal fyrirsagna greinanna voru:

„A 200 m.p.h. look at a war of nerves on a wintry sea“.

„A day’s battle in Cod War of Iceland, Britain.“

„An Iceland town and the meaning of the Cod War“.

„Iceland’s war of survival“.

„Will the Soviets win the Cod Wars?“

Höfundur segir í síðustu grein sinni að „the chief loser is likely to be the United States.“ Killian dvaldi um tíma á Íslandi og hefur m.a. eftir Einari Ágústssyni utanríkisráðherra, að „the threat to NATO is very real“. Í þessu sambandi tekur Killian fram að íbúar Íslands séu um 215 þúsund og sovéska sendiráðið sé fjölmennasta erlenda sendiráðið í Reykjavík með 70 manna starfslíð. Nýlega hafi verið undirritaðir tveir stórir viðskiptasamningar við Sovétríkin um fisk- og ullarsölu.

Aðalræðismaður Íslands í Chicago á þessum tíma var Paul Sveinbjörn Johnson lögmaður, sem var í för með Michael Killian til Íslands. Paul skrifaði þann 16. mars bréf til öldungadeildarþingmannsins Adlai Stevenson III, þar sem hann vakti m.a. athygli á því að fáir hefðu talið að Íslendingar myndu slíta stjórnmalasambandi við Breta. Hann segir Einar Ágústsson hafa sagt sér og Killian að hann myndi beita sér fyrir úrsögn úr NATO ef veiðar Breta héldu áfram. Paul segir síðan að bandarísk blöð kunni að lýsa Einari Ágústssyni sem vinstri sinnuðum, en hann sé fyrst og fremst Íslendingur. Norðmenn skilji nú hvað klukkan slái og séu byrjaðir að beita sér fyrir hönd Íslendinga og þeir verði einir útverðir í Norður-Atlantshafi. Paul segir síðan að Bandaríkin vilji seint auka á vandræði Harold Wilson, en þau séu heimatilbúin af honum. Paul Sveinbjörn Johnson lýkur bréfi sínu með því að lýsa þeirri von að Bandaríkin muni styðja þetta litla virki lýðræðis og lífshagsmunum þess muni borgið og unnið verði að því að halda NATO saman.

Sendiráðið í London sendi utanríkisráðuneytinu með bréfi 2. apríl 1976 viðtal BBC-útvarpsins við sovéska rithöfundinn Alexander Solzhnitsyn eins og það birtist í The Times sama dag. Segir m.a. í bréfinu að í viðtalinu sem nefnt sé „A warning to the western world“ vísi rithöfundurinn m.a. til ofbeldis Breta á Íslandsmiðum.

Fyrir milligöngu Knut Frydenlund utanríkisráðherra Noregs var haldinn fundur í Osló milli Einars Ágústssonar utanríkisráðherra og Anthony Crossland utanríkisráðherra Bretlands. Var samningur undirritaður í Osló þann 1. júní 1976 þar sem Bretar fengu takmarkaðar veiðiheimildir til sex mánaða.

Sigur var unninn og ábyrgðin er nú okkar um að stunda aðeins sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda okkar og vera þar með öðrum þjóðum til fyrirmyndar að þessu leyti.



Don't bother chatting up Miss Iceland – She's maintaining a strict 200 mile limit